



MAT Á LÍKAMSTJÓNI ÍÞRÓTTAMANNA, LÖGFRÆÐILEG ÁLITAEFNI

Ögmundur Kristinsson

2012

BA í lögfræði

Höfundur: Ögmundur Kristinsson

Kennitala: 1906892399

Leiðbeinandi: Guðmundur Sigurðsson

Lagadeild

School of Law

Útdráttur

Meginmarkið þessarar BA-ritgerðar er að gera grein fyrir réttarstöðu íþróttmanna til skaðabóta reiknuðum á grundvelli skaðabótalaga. Þetta viðfangsefni er afmarkað nánar með skoðun á hvort sérstök sjónarmið séu uppi við mat á varanlegum miska íþróttamanna samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og hvort sérstök sjónarmið séu uppi við mat á varanlegri örorku þeirra samkvæmt 5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þá er reynt skoða tryggingarétt íþróttamanna. Efnistöð eru takmörkuð við knattspyrnu- og handboltaiðkendur. Skoðuð voru laga- og reglugerðarákvæði, sem og staðlaðir samningar íþróttafélaganna og tryggingarskilmálar.

Mat á varanlegum miska er eins hjá þessu aðilum sem öðrum. Sérstaka matið er notað þegar tjón er einstaklingi sérstaklega þungbært. Þetta getur átt við einstaklinga sem eru hálfatvinnumenn eða áhugamenn er lítur að getu til íþróttaiðkunar en vart við atvinnumennina. Við mat á varanlegri örorku verður taka til þeirra háulauna sem oft fylgja atvinnumennsku í íþróttum og þar af leiðandi mögulega miklu fjárhagslegu tjóni. Á móti er atvinnumannaferill skammur. Sértek sjónarmið varðandi mat á varanlegri örorku atvinnumanna eru mörg en ekki nema í undantekningar tilfellum varðandi hálfatvinnumenn eða áhugamenn enda fjárhaglegt tjón þeirra við það að geta ekki stundað íþróttina oftast lítið.

Slyshugtakið er takmarkað í almannatryggingarrétti við skyndilega utanaðkomandi atburð. Þetta skiptir máli þar sem slysaatburðir í íþróttum falla iðulega utan þess. Þessu er reynt að mæta í samningum íþróttamanna og félaga. Hvað þetta varðar virðast samningar knattspyrnumanna skýrari en handboltamanna. Skilmálar trygginga eru mismunandi, bæði hvað varðar skilgreiningu slyss og ákvörðun bóta. Þeir eru þó allir almennir líkt og miskinn og taka því ekki á varanlegu tekjutapi.

Almennt hefur verið lítið fjallað um þessi álitaefni hvort sem það er hér á landi eða í Danmörku. Telur höfundur að það bendi þó ekki til þess að álitefni sé ekki til staðar heldur þurfi almennt að upplýsa íþróttamenn betur um réttarstöðu sína.

Abstract

The main objective of this bachelor thesis is to clarify the legal right of sport persons to compensation calculated on the basis of Tort Damages. The topic is confined to examination of whether special considerations are called for in the assessment of permanent harm to athletes under the fourth article, Tort Damages, no. 50/1993 and in the evaluation of permanent disability according to the fifth article, Tort Damages, no. 50/1993. Then the athletes insurance right is studied. The discussion is limited to soccer and handball players. The laws, regulations, standard sports contracts and insurance terms are reviewed. Assessment of permanent harm is the same for sport participants as for others. The special assessment of permanent harm is used when the harm is especially burdensome. This may pertain to individuals who are semi-professionals or amateurs but not professional athletes. The evaluation of permanent disability needs to consider the super wages that often accompany professional sports, short professional career and as a consequences to harm large financial losses. Specific considerations regarding the evaluation of permanent disability for the professional are present but rarely for the semi-professional or amateur, as financial final loss for them is generally limited.

The term accident in social security law refers to sudden unexpected external event. This definition will not include all harmful events. Athlete and sport clubs try to compensate for this. In this regard contracts appear clearer for soccer player than handball players. Insurance terms vary, both as to definition of accident and extent of compensation. They however do not take loss of long-term earnings into account. These topics have not received much attention in Iceland, or Denmark. The author believes that this is not an indication that the issue is unimportant but indicates that athletes should be better informed about their legal rights.

Efnisyfirlit

Lög og reglugerðir.....	I
Dómaskrá.....	II
1. Inngangur.....	1
2. Um iðkendur knattspyrnu og handknattleiks.....	5
3. Miski	7
3.1. Almennt um miska.....	7
3.2. Miskamat.....	11
3.3. Miskamat íþróttamanna.....	13
3.3.1. Atvinnumenn.....	13
3.3.2. Hálfatvinnumenn.....	13
3.3.3. Áhugamenn	14
4. Varanleg örorka.....	14
4.1. Almennt.....	14
4.2. Mat á varanlegri örorku.....	15
4.2.1. Staða tjónpola ef tjónsatvik hefði ekki komið til.....	16
4.2.2. Staða tjónpola að teknu tilliti til líkamstjóns.....	18
4.3. Mat á varanlegri örorku íþróttamanna	20
4.3.1. Atvinnumenn.....	20
4.3.2. Hálfatvinnumenn.....	21
4.3.3. Áhugamenn	21
5. Laun	22
5.1. Árslaun.....	22
5.2. Ákvörðun árslauna íþróttamanna	23
5.3. Hámarksárslaun.....	23
6. Erlendur réttur.....	25
6.1. Danskur réttur	25
7. Slysatriggingar	26
7.1. Slysatriggingar íþróttamanna	27
7.1.1. Ákvörðun bóta samkvæmt slysatriggingu íþróttamanna.....	28
7.2. Skyldur íþróttafélaga	29
7.3. Slysatriggingar almannatrigginga	31
8. Niðurstöður	34
Heimildir	37

Lög og reglugerðir

Almenn hegningarlög nr. 19/1940.

Lög um almannatryggingar nr. 100/2007.

Lög um meðferð einkamála nr. 91/1991

Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skaðabótalög nr. 50/1993.

Reglugerð um slysatryggingar íþróttafólks samkvæmt III. kafla laga nr. 100/2007 um almannatryggingar nr. 245/2002.

Dómaskrá

Hrd. 20. desember 2007 í máli nr. 448/2007.

Hrd. 10. febrúar 2000 í máli nr. 362/1999.

Hrd. 9. desember 1966 í máli nr. 81/1966.

Hrd. 15. mars 2000 í máli nr. 395/2000.

1. Inngangur

Á hverju ári verða um 40.000 slys sem koma inn á borð opinberra aðila.¹ Slysum getur fylgt tjón, hvort sem það er tjón á munum, líkama eða á sál einstaklinga. Hinn slasaði verður oft fyrir umtalsverðum útgjöldum vegna lækniþjónustu og annarra afleiðinga slyssins. Þá getur hann einnig orðið fyrir töluverðu tekjutapi vegna skertrar vinnugetu. Umtalsverður hluti þessara slysa tekur til íþróttmanna. Af þeim sökum er mikilvægt að fjalla um bótarétt þeirra og kanna hvort að hann sé á einhvern hátt með sérstökum hætti eða að um hann gildi sérstök sjónarmið.

Bótaréttur er mjög víðtækur og er blanda opinbers réttar og einkaréttar.² Stoðir bótaréttar eru fjölpættar, til dæmis skaðabótaréttur, váttryggingaréttur og lífeyrissjóðir. Í ritgerð þessari er gengið út frá að skaðabótaréttur sé til staðar. Hugtakið skaðabótaréttur lýtur að þremur grundvallarþáttum. Í fyrsta lagi er það notað um þær réttarreglur sem fjalla um skaðabætur, t.d. íslenskan skaðabótarétt. Þessi merking er ekki mjög fast skorðuð enda er misjafnt hvernig þetta réttarsvið er skilgreint. Í öðru lagi er hugtakið notað í þeirri merkingu að vísað sé til tiltekinnna réttinda, þ.e. þeirra heimilda sem eru veittar þeim sem er eigandi skaðabótakröfunnar. Loks í þriðja lagi er hugtakið skaðabótaréttur notað sem heiti á fræðigrein innan lögfræðinnar sem fjallar um réttindi til skaðabóta í rúmum skilningi.³

Réttindi til skaðabóta fela í sér heimild fyrir tjónþola til að fá eða taka við greiðslu á fjármunum. Í skaðabótarétti gilda almennar reglur um bótagrundvöllinn, það er sakarreglan, reglan um vinnuveitendaábyrgð, reglan um hlutlæga bótaábyrgð og reglan um eigin sök eða meðábyrgð tjónþola.⁴ Sakarreglan er meginregla í íslenskum rétti.⁵ Hún er ólögfest en hún hljóðar svo:

„Maður ber skaðabótaábyrgð á tjóni sem hann veldur með saknæmum og ólögmætum hætti, enda sé tjónið sennileg afleiðing af hegðun hans og raski hagsmunum sem verndaðir eru með skaðabótareglum. Það er og skilyrði, að

¹ Landlæknisembættið, „Slyaskrá Íslands tölur 2010“ <<http://landlaeknir.is/Heilbrigdistolfraedi/Slyaskra>> skoðað 28. mars 2012.

² Guðmundur Sigurðsson, „Íslenskur bótaréttur vegna vinnuslysa“, (2008). <<http://www.ru.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=11007>> skoðaða 15. febrúar 2012.

³ Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan CODEX 2005) 37.

⁴ Sama heimild 52.

⁵ Sama heimild 137.

*sérstakar huglægar afsökunarástæður eigi ekki við um tjónvald, svo sem æska og skortur á andlegu heilbrigði.*⁶

Skaðabótaréttur felur í sér réttindi tjónþola til peningagreiðslu frá tjónvaldi vegna þess tjóns sem hann hefur orðið fyrir. Sá sem veldur tjóni á hagsmunum annars manns á að greiða þeim aðila greiðslu í formi peninga. Upphæð greiðslunnar á að nægja til þess að tjónþoli sé fjárhagslega eins settur og hann var fyrir tjónið. Á þessum réttindum eru þó nokkrar takmarkanir. Má þar nefna að tjónið verður að hafa komið fram með ákveðnum hætti, í tengslum við tjónþola og valdi skaða á lögvörðum hagsmunum hans.⁷

Skaðabótaábyrgð stofnast þegar það skilyrði er uppfyllt að orsakatengsl séu á milli hinnar bótaskyldu háttsemi og tjónsins. Tjónþoli verður almennt að bera tjón sitt sjálfur eða halda annan mann ábyrgan fyrir því.⁸ Almennt hvílir sönnunarbyrðin á tjónþola, hann þarf að sanna að tjón hafi orðið með skaðabótaskyldum hætti. Án slíks getur ekki komið til skaðabótaábyrgðar.⁹

Ef fyrir liggur að réttur til skaðabóta sé til staðar þarf í framhaldi af þeirri niðurstöðu að staðreyna umfang tjónsins.

Mat á tjóninu er eitt af grunnviðfangsefnum skaðabótaréttar. Niðurstöður matsins eiga að sýna fram á rétt tjónþola á bótum fyrir það tjón sem hann hefur orðið fyrir. „*Tjón má skilgreina sem skerðingu eða eyðileggingu lögvarinna hagsmuna, oftast fjárhagslegra, en í mörgum tilvikum ófjárhagslegra.*”¹⁰ Tjón getur falið í sér afleiðingar slyss eða sjúkdóms sem og annað tjón. Þetta getur síðan leitt til skerðingar á hvorutveggja fjárhagslegum og ófjárhagslegum réttindum.¹¹

Í skaðabótarétti er að finna nokkrar hlutrænar ábyrgðarleysisástæður en dæmi um slíka er áhættutaka.

Áhættutaka í skaðabótarétti kallast það þegar tjónþola er ljós áhættan en samt sem áður leggur hann sig eða hagsmuni sína í hættu. Áhættutaka telst til hlutrænna

⁶ Arnljótur Björnsson, *Skaðabótaréttur: kennslubók fyrir byrjendur* (2. útg., Bókaútgáfa Orators 1999) 58.

⁷ Sama heimild 38.

⁸ Sama heimild 14.

⁹ Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan CODEX 2005) 137.

¹⁰ Sama heimild 37.

¹¹ Sama heimild 38.

ábyrgðarleysisástæðna en réttaráhrif hennar er að allur bótaréttur fellur niður. Oft er talið að með áhættutöku hafi tjónþoli fyrirgert öllum rétti til bóta. Í flestum íþróttagreinum eru settar leikreglur sem ætlað er að sporna við því að menn fari offari í hita leiksins og valdi tjóni. Ef um er að ræða óhappatilvik eða sennilegan atburður, sem hlotist getur af leiknum, er sjaldnast grundvöllur fyrir ásökunum. Fari atvik hins vegar út fyrir þennan ramma er eðlilegt að tjónþoli skoði réttarstöðu sína, samanber Hrd. 20. desember 2007 í máli nr. 448/2007:

Í máli þessu var X ákærður fyrir líkamárás, með því að hafa slegið A í andlitið með þeim afleiðingum að hann nefbrotnaði. Atvikið átti sér stað í knattspyrnuleik á íþróttasvæði fanga á Litla-Hrauni. Í ljósi framburða vitna var talið varhugavert að telja að sönnun hafi komið fram á því að X hefði vísitandi slegið A. Af þeim sökum var hann ekki talinn hafa gerst sekur um brot samkvæmt 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Þá vísaði Hæstiréttur til þess að með þátttöku í knattspyrnuleik færu menn af frjálsum vilja til leiks sem lyti ákveðnum reglum. Kynni það að vera að háttsemi, sem gerðist inni á vellinum, sem almennt væri talin refsiverð, yrði refsilaus ef hún væri innan eðlilegra marka leiksins og í beinum tengslum við hann. Það þótti ósannað að X hefði farið út fyrir það sem vænta mætti í leik sem þessum, þegar mönnum hlýpi kapp í kinn, og yrði honum þá heldur ekki refsað samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga.¹²

Fjallað hefur verið ítarlega um áhættutöku í öðrum ritsmíðum.¹³ Ljóst er að þátttaka í íþróttum felur í sér ákveðna en mismikla áhættutöku. Gildir þetta ekki síst í keppnisíþróttum þar sem markmið þar er að ná hámarksárangri, og er þá spilað á mörkum álags og ofálags og því líkur á meiðslum miklar. Í þessu samhengi skiptir skilgreining slyshugtaksins máli og verður fjallað um það síðar í þessari ritgerð.

Tilgangur þessarar ritgerðar er að gera grein fyrir rétti íþróttamanna til skaðabóta reiknuðum á grundvelli skaðabótalaga. Sérstaklega verður fjallað um ákvörðun bóta fyrir varanlegan miska og örorku. Það eru mörg lögfræðileg álitaefni sem koma upp, þegar íþróttamenn verða fyrir líkamstjóni. Þessi álitaefni geta komið til skoðunar hvort sem tjónið verður á leikvangi, við æfingar, á leið til og frá keppni eða æfingum ellegar undir öðrum kringumstæðum. Úrlausnarefnið fellst ekki síst í því hvernig á að meta rétt íþróttamanna til skaðabóta vegna tjóns sem skerðir framtíðarmöguleika þeirra á að afla sér tekna, þ.e. varanlega örorku.

¹² Hrd. 20. desember 2007 í máli nr. 448/2007.

¹³ Viðar Már Matthíasson, „Áhættutaka á undanhaldi“ (2002) 55 Úlfjótur 41-59.

Þá verður athugað hvort sérstök sjónarmið eru við mat á ófjárhagslegu tjóni íþróttamanna. Þetta felur í sér mat á varanlegum miska, sem metinn er óháð aflagetu. Hérna kemur til skoðunar hvort íþróttamenn verði fyrir meiri miska en aðrir við líkamstjón ef það skerðir getu þeirra til ástundunar. Í þessu sambandi verður kannað hvort mismunandi sjónarmið gilda gagnvart atvinnuíþróttamönnum annars vegar og hins vegar áhugamönnum. Hérna verður því skoðað hvort heilsutjón sé íþróttamönnunum sérstaklega íþyngjandi vegna tapaðrar getu til að stunda íþrótt sem þeir hafa helgað tíma sinn.

Í þessu samhengi, þegar fjallað er um bæði fjárhagslegt og ófjárhagslegt tjón, verður þó að líta til þess að ferill íþróttamanna nær í flestum greinum ekki nema til 35–40 ára aldurs. Sem dæmi má nefna að liðið með lægsta meðalaldur leiktímabilið 2011/2012 í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu, Blackburn Rovers, er með meðalaldurinn 25,7 ár en Stoke City hefur hæsta meðalaldurinn, 29,8 ár.¹⁴

Við mat á fjárhagslegu tjóni, varanlegri örorku, hefur þessi skammti tími, sem menn stunda íþróttina, veruleg áhrif ef þeir hafa tekjur af ástundun hennar. Atvinnumennska hefst oft við ungan aldur og þar af leiðandi er ólíklegt að íþróttamaðurinn hafi þróað með sér starfsferil eða hafi lokið námi sem getur verið grundvöllur aflagetu að íþróttiferli loknum.

Þegar lagt er mat á fjárhagslegt tjón íþróttamanna þarf að skoða upplýsingar um heildartekjur íþróttamanna á ársgrundvelli með tilliti til 1. og 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Í tilfelli atvinnuíþróttamanna geta laun þeirra til frekar skamms tíma verið í eðli sínu nær allar ævitekjur þeirra og kallar það á sérstaka skoðun.

Eðli málsins samkvæmt er lítil reynsla af þessum málum héraendis. Verður þar af leiðandi í ritgerð þessari leitað út fyrir landsteinana og skoðað hvort myndast hafi réttarframkvæmd í Danmörku um þetta efni. Ástæðan fyrir að dönsk réttarframkvæmd er valin fram yfir önnur lönd er sú að réttarframkvæmd í Danmörku er hvað líkust þeirri íslensku.

Þótt áherslan sé á skaðabótarrétt verður ekki hjá því komist að fara inn á svið slysatrygginga og þá slysatryggingar íþróttamanna sem og slysatryggingar almannatrygginga. Verður þetta

¹⁴ Transfermarkt, „Premier League – England“ <http://www.transfermarkt.co.uk/en/premier-league/startseite/wettbewerb_GB1.html> skoðað 2. apríl 2012.

gert til þess að reyna að fá heildstæða mynd af lögfræðilegum álitaeftum sem tengjast mati á afleiðingum líkamstjóns íþróttamanna og bótarétti þeirra.

Við gerð þessarar ritgerðar er einna helst horft til íþróttamanna sem leggja stund á knattspyrnu eða handknattleik. Ástæða þess er að héraendis hafa hópar íþróttamanna gert samninga varðandi þátttöku sína í þessum greinum þar sem innifalið eru skyldur leikmanns sem og skyldur félaga. Það er þó þekkt að sambærilegir samningar eru í öðrum íþróttgreinum.

Til þess að leita svara við þessum álitaeftum verða skoðuð lög og reglugerðir, dómaframkvæmd, staðlaðir samningar knattspyrnumanna og handknattleiksmanna, skilmálar tryggingafélaga sem og fræðiskrif.

2. Um iðkendur knattspyrnu og handknattleiks

Iðkenndur í knattspyrnu og handknattleik má greina í þrennt, atvinnumenn, hálf atvinnumenn og áhugamenn. Staða þessarar aðila með tilliti til íþróttarinnar er misjöfn og er mikilvægt að skilgreina þessa hópa til að unnt sé að gera sér grein fyrir hvort bótastaða þeirra sé ólík verði þeir fyrir líkamstjóni.

Atvinnumenn í íþróttum koma án nokkurra undantekninga ætíð úr hópi áhugamanna. Þetta felur í sér að íþróttin er samofin daglegu lífi einstaklingsins og er þannig hluti af hans daglega lífi áður en hann hefur feril sem atvinnuþróttamaður. Jafnframt er ljóst að fæstir þeirra sem ákveða að leggja stund á ákveðna íþrótt verða síðar meir atvinnumenn í viðkomandi grein. Þarna skilur verulega á milli atvinnumennsku í íþróttum og annarra starfa. Sá sem hefur nám í trésmíði, lögfræði eða verkfræði mun líklega sinna störfum á þessum sviðum til loka starfsævinnar. Það sama verður ekki sagt um þann sem er að hefja æfingar í knattspyrnu eða handknattleik. Þetta kallar á að sérstaklega sé fjallað um atvinnuþróttamenn þegar kemur að afleiðingum slysa. Hópur íslenskra atvinnumanna fer sífellt stækkandi. Með tilkomu nýrri og betri íþróttahalla, sem gera það að verkum að íslenskir leikmenn geta æft við betri aðstæður, komast því æ fleiri leikmenn inn á hið stóra svið atvinnuþróttanna. Þrátt fyrir þetta þarf að horfa til þess að í eðli sínu eru atvinnumenn í íþróttum eins og hverjir aðrir starfsmenn, samanber skilgreiningu á launþega (worker). Skilgreining Evrópusambandsins

hljóðar svo: „Hugtakið *launþegi felur í sér hvers konar störf og á hvaða sviði sem er, það nær því t.d. til atvinnumennsku í íþróttum*“.¹⁵ Þetta hefur verið viðfangsefni Evrópudómstólsins í ýmsum tilvikum.

Í atvinnumennsku er óvissa um tekjur meðal leikmanna mikil og erfitt að meta hverjar eru sennilegar framtíðartekjur þorra atvinnuíþróttamanna á meðan á íþróttuferlinum stendur. Þessi óvissa skapar síðan enn frekari óvissu varðandi mat á fjárhagslegu tjóni íþróttamanna þar sem erfitt er að meta af sanngirni líkur á því að leikmaðurinn haldist á himinháum launum eða falli niður í lítil sem engin laun. Að þessu sögðu vaknar sú spurning hvert er fjárhagslegt tjón íþróttamannsins, sem þarf að bæta, og þá sérstaklega með tilliti til þess að ferilinn stendur að jafnaði ekki lengur en til 35–40 ára aldurs eins og áður er getið. Þá geta þau sjónarmið gilt að launin, sem einstaklingurinn aflar á þessum stutta tíma, megi jafna við ævitekjur annarra manna sem vinna fram að hefðbundnum eftirlaunaaldri. Sem dæmi má taka að meðalárstekjur leikmanns í ensku úrvaldsdeildinni fyrir tímabilið 2006–2007 voru 1,2 milljón punda.¹⁶ Ef skoðaðir eru tekjulistar nokkurra leikmanna sem spiluðu í Noregi árið 2009 má sjá að árslaun þeirra voru á bilinu 800.000–2.100.000 norskar krónur.¹⁷ Sem öfgafullt dæmi má nefna Manchester City en þar er talið að meðalárslaun leikmanns séu um 7 milljónir punda fyrir tímabilið 2010–2011.¹⁸

Hálfatvinnumenn eru annar hópur en þeir stunda íþróttir og eru samningsbundnir félagi en hafa íþróttina ekki sem fullt starf. Samningurinn felur í sér greiðslur og/eða hlunnindi af ýmsu tagi, sem koma til móts við kostnað og fjárhagstjón sem leikmaður verður fyrir vegna ástundunar íþróttarinnar, auk ef til vill nokkurra launa. Nokkur ókostur er við skilgreiningu þessa að hún liggur ekki fyrir með formlegum hætti en hana má finna í þessari mynd í veforðabók og wikipedia.¹⁹ Þetta lýsir því sem tíðkast hér á landi og eru allir leikmenn í efstu

¹⁵ „Frjáls för launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga“ 19. fyrirlestur, Ritstj. Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri, Fræðsluefni um EES-samninginn og framkvæmd hans <<http://www.utanrikisraduneyti.is/samningar/ees/EESUndir/nr/1718>> skoðað 1. apríl 2012

¹⁶ „Sports salaries Premier League“ Professional sports <http://en.wikipedia.org/wiki/Professional_sports> skoðað 4. apríl 2012.

¹⁷ Skattelister <<http://www.kjendis.no/skatt/sok/>> skoðað 21. apríl 2012.

¹⁸ „Sports salaries Premier League“ Professional sports <http://en.wikipedia.org/wiki/Professional_sports> skoðað 4. apríl 2012.

¹⁹ „Semi-professional“ <<http://en.wikipedia.org/wiki/Semi-professional>>; „Semi-professional“ Cambridge Dictionaries online <<http://dictionary.cambridge.org/dictionary/british/semi-professional>> skoðað 21. apríl 2012.

deildum í handknattleik og knattspyrnu hálfatvinnumenn. Þetta skýrist af því að það er skylda íþróttafélaga að hafa leikmenn sína samningsbundna í þessum deildum. Hér vakna áhugaverðar spurningar um samspil á milli atvinnu og íþróttar annars vegar og hins vegar skóla og íþróttar og áhrif þessara þátta við mat á framtíðaraflahæfni.

Þriðji hópur íþróttamanna eru áhugamenn. Það eru þeir sem stunda íþróttir en fá ekki fyrir það greiðslu í formi peninga eða annarra fríðinda. Í samhengi við ritgerðina þyrfti hér helst að skoða hvað þeir sem verða fyrir tjóni missa við það að geta t.d. ekki stundað knattspyrnu með vinum. Ljóst er að það felur ekki í sér beint fjárhagslegt tjón fyrir einstaklinginn að missa þessa getu en getur eftir atvikum falið í sér ófjárhagslegt tjón eða miska.

3. Miski

3.1. Almennt um miska

Við setningu skaðabótalaga nr. 50/1993 var höfð hliðsjón af dönsku skaðabótalögum sem samþykkt voru árið 1984 og eru bótafjárhæðir að mestu leyti samsvarandi dönskum reglum. Frá þessu er þó undantekning en það eru bætur fyrir varanlegan miska sem eru töluvert hærri samkvæmt íslenskum lögum.²⁰

Varanlegur miski er metinn skv. 4. gr. skaðabótalaga en miski er mælikvarði á ófjárhagslegt tjón en varanleg örorka skv. 5. gr. skaðabótalaga er mat á fjárhagslegu tjóni. Miski er neikvætt hugtak, það er tjón sem ekki er fjártjón, það má rekja til huglægra eða ófjárhagslegra gæða. Miski hefur verið skilgreindur þannig:

„Miski er tjón, sem ekki verður metið til peninga eftir almennum mælikvarða. Hann er fólgin í skerðingu hugrænna gæða, sem ekki hafa hlutlæga tilveru utan rétthafans eða eru svo bundin við einstakling þann, er þeirra nýtur, að jafn erfitt er að meta þau til fjár sem hin fyrrnefndu.“²¹

Í 1. mgr. 4. gr. skaðabótalaga er greinin um varanlegan miska og hljómar hún svo:

„Þegar fjárhæð bóta fyrir varanlegan miska er ákveðin skal litið til þess hvers eðlis og hversu miklar afleiðingar tjóns eru frá læknisfræðilegu sjónarmiði, svo og til erfiðleika

²⁰ Alpt., 1992–93, A-deild, 3621.

²¹ Ólafur Jóhannesson, „Fjártjón og miski“ (1947) 2 Úlfjótur 3, 11

sem það veldur í lífi tjónþola. Varanlegur miski skal metinn til stiga og skal miða við heilsufar tjónþola eins og það er þegar það er orðið stöðugt.“²²

Áður en skaðabótalögin voru sett var læknisfræðilega örorkan metin en hún er mjög sambærileg og mat á miska.²³ Mat á miska er læknisfræðilegt mat á líkamstjóni og því gera læknar miskamat. Við matið á miskastiginu eru lagðar til grundvallar miskatöflur sem eiga að leiða til þess að sams konar tjón leiði að öllu jöfnu til sama miskastigs. Ákvörðun bótafjárhæðar er því tekin á grundvelli miskastigs. Samkvæmt 10. gr. skaðabótalaga skal Örorkunefnd semja töflur þar sem koma skulu fram algengustu tegundir varanlegs miska og eru þær látnar jafngilda tilteknum hundraðshlutum hliðstætt því sem gert er við örorkumat í skaðabótamálum og slysatryggingum. Töflurnar eiga að taka til þess að varanlegur miski bitni jafn þungt á hverjum þeim sem fyrir tjóni verður, þannig að sami áverki leiði til sama miskastigs. Töflurnar eiga því að sýna miska en ekki þá skerðingu sem verður til að afla tekna. Íslenska miskataflan, sem Örorkunefnd hefur gefið út, er unnin með tilvísun til ýmissa sambærilegra taflna, eins og er getið í heimildarlista sem finna má í lok töflunnar. Í inngangi er sérstaklega tekið fram að taflan sé til viðmiðunar:

„Sú tafla sem hér birtist er fyrst og fremst leiðbeinandi um mat á miskastigi vegna tiltekinna tegunda líkamstjóna. Áverka, sem ekki er getið um í töflunum, verður að meta með hliðsjón af svipuðum áverkum í töflunum og hafa til hliðsjónar miskatöflur annarra landa sem getið er um í hliðsjónarritum.“²⁴

Ef íslenska taflan er borin saman við þá dönsku má sjá að sú íslenska er í flestum atriðum eins og sú danska en sú danska er mun ítarlegri. Sem dæmi um mun á þeim má nefna háls- og hryggjaráverka en samkvæmt íslensku miskatöflunni eru afleiðingar slíkra áverka ekki eins alvarlegar og í þeirri dönsku.²⁵ Þetta virðist við einfalda skoðun vera að hluta rétt. Ef horft er til nýjustu útgáfu dönsku töflunnar eru hálsáverkum gefin stig á bilinu 5–20 en í íslensku töflunni eru gefin stig á bilinu 0–28 fyrir áverka á hálsi. Varðandi mjóhrygg sést að íslenska taflan gefur á bilinu 0–23 stig en sú danska á bilinu 5–25 stig. Með þessu sést að sami áverki getur verið lægra eða hærra metinn samkvæmt íslensku töflunni en þeirri dönsku og er það

²² Skaðabótalög nr. 53/1993, 1. mgr. 4. gr.

²³ Gestur Jónsson og Gunnlaugur Claessen, „Endurskoðun skaðabótalaga“ (1997) 47 Tímarit Lögfræðinga 146, 150.

²⁴ Örorkunefnd, „Miskatafla“ <<http://www.innanrikisraduneyti.is/media/Utgafa/Ororkunefnd.pdf>> skoðað 15. apríl 2012

²⁵ Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, „Skaðabótalög“, (1998) 48 Tímarit Lögfræðinga 174, 195.

grundvallað í lækisfræðilegu mati. Þrátt fyrir þetta liggur ekki fyrir hver raunveruleg áhrif af þessu eru vegna þess að töflunum er ætlað að vera leiðbeinandi við miskamatið.²⁶

Þó svo að þessar miskatöflur séu fyrir hendi getur verið erfitt að staðreyna ófjárhagslegt tjón. Tjónþoli sjálfur þarf að sanna að hann hafi orðið fyrir ófjárhagslegu tjóni. Hann getur gert það með ýmsum hætti og er sönnunarmat dómara frjálst eins og í öðrum tilvikum, samanber 1. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Til að afla matsins geta menn leitað sérfræðialits til þess að meta hið ófjárhagslega tjón sem þeir hafa orðið fyrir. Ef annar hvor málsaðila sættir sig ekki við þá niðurstöðu geta þeir kallað eftir álitni Örorkunefndar til endurskoðunar samkvæmt 10. gr. skaðabótalaga.²⁷ Einnig er heimilt að leita til Örorkunefndar, áður en sérfræðialit liggur fyrir, samþykki aðilar málsins það. Mat Örorkunefndar er ekki bindandi. Loks getur dómari, að fenginni rökstuddri matsbeiðni málsaðila, dómkvatt þar til bæra aðila til að meta miskann. Liggi fyrir fleiri en eitt mat er það dómarans að meta hvaða mat hann leggur til grundvallar við ákvörðun miskastigs. Af dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands má ráða að ef Örorkunefnd hefur lagt fram mat í málinu sé það almennt sterkt sönnunargagn, samanber Hrd. 10. febrúar 2000 í máli nr. 362/1999.²⁸ Algengt er þó í dag að fengin séu dómkvödd mót frá sérfræðingum á því sviði, sem um ræðir, til þess að meta varanlegan miska sem og örorku og mót þeirra lögð til grundvallar.

Eins og áður hefur verið sagt er miski metinn til stiga eins og kemur fram í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. skaðabótalaga „*Varanlegur miski skal metinn til stiga og skal miða við heilsufar tjónþola eins og það er þegar það er orðið stöðugt.*“²⁹ Þetta er önnur aðferð en notuð er við mat á varanlegri örorku en hún er metin hlutfallslega, það er ákvörðuð er hlutfallsleg skerðing á starfsgetu tjónþola til framtíðar litið. Varanlegan miska er ekki hægt að meta hlutfallslega þar sem hann er ekki hlutfall af 100% miska líkt og varanleg örorka er metin af 100% vinnugetu. Þessi munur skiptir fyrst og fremst máli til þess að tryggja að notast sé við rétta orðanotkun

²⁶ Örorkunefnd, „Miskatafla, <<http://www.innanrikisraduneyti.is/media/Utgafa/Ororkunefnd.pdf>>; Arbejdsskadestyrelsen „Méntabel“ <<http://ask.dk/da/Selvbetjening/Mentabel.aspx>> skoðað 16. apríl 2012.

²⁷ Skaðabótalög nr. 50/1993, 1. mgr. 10. gr.

²⁸ Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan CODEX 2005) 660-661.

²⁹ Skaðabótalög nr. 50/1993 2. málsl. 1. mgr. 4. gr.

Því annað getur leitt til misskilnings.³⁰ Með þessu er reynt að undirstrika að orðið miski felur ekki í sér það sama og varanleg örorka og öfugt. Þannig getur miski tengst engri eða mikilli örorku allt eftir atvikum.

Miskabætur eru þannig fébætur fyrir ófjárhagslegt tjón fyrir takmörkun á getu til athafna daglegs lífs, t.d. að klæða sig, borða, komast um o.fl. þess háttar, svo og fyrir áhrif líkamstjóns á iðkun tómsunda og fyrir persónuleg óþægindi sem leiða af sýnilegri fötlun tjónþola.³¹ Hægt er að skilgreina nánar þau óþægindi og takmarkanir sem tekið er tillit til við mat á miskastigi:

1. *Takmarkanir sem líkamstjónið leiðir til í mörgum athöfnum daglegs lífs, s.s. að sjá um eigin daglegar þarfir, klæða sig, borða, komast um, lesa o.fl. eða erfiðleikar við að framkvæma þessar athafnir.*
2. *Takmarkanir við að njóta samvista með öðru fólki vegna skertrar hreyfigetu, sjóndepru, heyrnardeyfu o.fl.*
3. *Takmörkun eða erfiðleikar við þátttöku í íþróttum, menningarviðburðum, öðrum atburðum í þjóðfélaginu eða við iðkun tómsunda.*
4. *Persónuleg óþægindi vegna sýnilegrar fötlunar eða andlegir erfiðleikar, t.d. vegna ófrjósemi.³²*

Byggt á þessu og miskatöflunni á að vera frekar einfalt að áætla eða meta viðeigandi miskastig. Tilfellið geta þó verið afar misjöfn og töflurnar eru ekki fullkomnar. Þannig að ef áverka er ekki að finna í töflunni er reynt að finna sambærilegan áverka í henni en einnig vísað í tilsjónarrit, svo sem í dönsku miskatöfluna.

Sé tjónið sérstaklega íþyngjandi fyrir tjónþola má meta það til hækkunar á miska. Samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga skulu bætur fyrir varanlegan miska ekki vera hærrí en kr. 4.000.000; athuga skal þó að taka verður tillit til 15. gr. skaðabótalaga þegar þessi fjárhæð er uppreiknuð. Í greinargerð með skaðbótalögum nr. 50/1993 segir um 4. gr. :

„Í undantekningartilvikum kann fjárhæð bóta eftir 4.000.000 kr. markinu að þykja ófullnægjandi, einkum þegar tjónþoli hefur orðið fyrir margvíslegum líkamsspjöllum, t.d. bæði orðið fyrir mikilli sköddun á útlimum og misst sjón á báðum augum.

³⁰ Viðar má Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan CODEX 2005) 662

³¹ Friis A, Behn O v/Kielberg M, *Arbejdsskadesikringsloven*, (4 udgave, Forlaget Thomson 2004) 500

³² Sama heimild, 501; Mastersritgerð Ragnars Jónssonar, „Mat á miska skv. 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993“ (2007), 38

*Heimildin í næstsíðasta málslið 1. mgr. til að ákveða hærri bætur, þegar sérstaklega stendur á, er sett í því skyni að unnt verði að veita hærri bætur í slíkum tilvikum.*³³

Í grein sinni Miskabætur sem birtist í Lögmannablaðinu segir Guðni Á. Haraldsson hrl. að „það sé væntanlega eins og í 3.gr. lagt í vald dómara að meta það hverju sinni, eftir eðli tjónsins og aðstæðum, hvort réttlætanlegt sé að miða við aðra og hærri fjárhæð en grunnfjárhæðina.“³⁴ Á það verður að benda að dómari er ekki sérfræðingur í því mati sem fram fer, það er hinu læknisfræðilega mati. Ætla má að þetta séu rökin fyrir því að Guðni segir það væntanlega lagt í vald dómara að meta hvort hækkunarákvæði 4.gr. skaðabótalaga eigi við.

Það er í höndum dómara að dæma mál samkvæmt framlögðum gögnum, þar með talið mati sérfróðra aðila, sem hann síðar notar við ákvörðun sína um sérstakan miska samkvæmt 3. mgr. 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

3.2. Miskamat

Við mat á miska er almennt ekki tekið tillit til starfs, sérstakra hæfileika einstaklinga eða stöðu í þjóf félaginu. Þetta merkir að allir eru metnir eins og fyrr greinir með sama miska fyrir sams konar áverka í samræmi við fyrrgreinda miskatöflu. Samkvæmt henni er t.d. missir vísifingurs metinn 10 miskastig alveg sama hvort um er að ræða markmann í knattspyrnu, píanóleikara eða lögfræðing.

Í 1. mgr. 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 eru nokkur atriði sem þarf að skýra frekar. Samkvæmt greininni verður að ætla að matið sé tvíþætt, þ.e. bæði frá læknisfræðilegu sjónarhorni og hins vegar byggt á þeim erfiðleikum sem tjónið veldur í lífi tjónþola. Matinu má því skipta í tvo hluta, almenna hluta matsins og sérstaka hluta matsins.³⁵ Fyrst þarf að gera grein fyrir afleiðingum tjóns frá læknisfræðilegu sjónarmiði en það á að tryggja að sömu meiðsl leiði til sama miska óháð menntun, starfi eða áhugamáli. Fyrrgreindar miskatöflur eru notaðar við þennan þátt matsins. Til þess að þetta sé mögulegt þarf í matinu að tiltaka hvað líkamshlutar eða starfsemi hefur skaddast og í hvaða umfangi. Þeir þættir, sem leiða til skaða, eru síðan metnir og ef þeir eru fleiri en einn eru þeir lagðir saman uns fram kemur samanlagður miski vegna slyssins. Hinn þáttur matsins beinist að því hvort tjónið valdi

³³ Alpt., 1992-93, A-deild, 3643.

³⁴ Guðni Á Haraldsson, „Miskabætur“ (1996) 2 Lögmannablaðið 7, 8.

³⁵ Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan CODEX 2005) 655.

sérstökum erfiðleikum í lífi tjónþola. Það er þá hinn sérstaki hluti matsins. Þessi hluti matsins er ekki almennur og er þar með ekki nauðsynlega grundvallaður á læknisfræðilegu mati þótt hann geti vissulega gert það. Þar sem þetta er ekki almennur þáttur er heimilt að líta til einstaklingsbundinna áhrifa sem líkamstjónið hefur í lífi tjónþola. Athygli er þó vakin á að almenni hluti miskamatsins er oft tæmandi og kemur þá ekki til sérstaka matsins. Samkvæmt danskri réttarframkvæmd kemur það aðeins í undantekningartilvikum til skoðunar að meta sérstaklega þá erfiðleika sem líkamstjónið hefur í för með sér fyrir tjónþola. Þegar ákvæðið kemur til skoðunar verður að horfa til þess að áhrif tjónsins séu meiri en almennu áhrifin af líkamstjóninu.³⁶ Þessi sérstöku áhrif geta verið hvers eðlis sem er. Hérna vaknar sú spurning varðandi íþróttamenn að hvaða marki tjón þeirra fellur að hinum sérstaka hluta miskamatsins.

Þegar erfiðleikar, sem fylgja líkamstjóni tjónþola, eru sérstaklega skoðaðir verður að líta til hvort þeir fjórir þættir, sem taldir eru upp hér á undan, valdi tjónþola sérstökum óþægindum. Það þarf samt alltaf að athuga að ekki má ofmeta miskann þar sem í almenna matinu (miskatöflunni) á að vera búið að gera ráð fyrir þessum atriðum í lífi venjulegs fólks. Atriði, sem eru hluti af mati á varanlegri örorku, það er getu til að afla vinnutekna, eiga ekki að vera hluti af hinu sérstaka miskamati.³⁷ Nefnir Viðar Már í bók sinni *Skaðabótaréttur* dæmi um atvik sem gætu tekið til sérstakra erfiðleika sem gætu skipt máli til hækkunar á miska, svo sem alvarleg fótarmein með umfangsmiklar varanlegar afleiðingar fyrir skíða- og íþróttafólk. Annað dæmi, sem hann tekur, er um ungan mann sem leikið hefði handknattleik eða knattspyrnu sem áhugamaður með úrvalsdeildarliði á Íslandi en yrði að hætta því vegna líkamstjóns. Í íslenskri dómaframkvæmd er ekki að finna dæmi sem lúta að því að um miskamatið hafi verið deilt eða miskinn hafi sérstakt vægi þegar kemur að miskamati íþróttamanna.

Það hefur vissulega reynt á sérstaka matið í danskri réttarframkvæmd en vandfundið er að finna dóma þar sem tjónþoli er íþróttamaður.

Einungis hefur verið gert ráð fyrir því að hinn sérstaki hluti miskamatsins leiði til hækkunar miskastigs. Getur sérstaki hlutinn ekki leitt til lækkunar, ef tjónþoli kemur t.d.mun betur út úr

³⁶ Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan CODEX 2005) 657.

³⁷ Sama heimild 658.

tjóninu en miskataflan gerir ráð fyrir?. Orðalag 1. mgr. 4. gr. skaðabótalaga gerir ekki ráð fyrir því að matið sé bara til hækkunar; þannig má draga þá ályktun að þetta mat geti líka leitt til lækkunar en það yrði þó ef til vill bara í takmarkatilfellum eins og t.d. þegar eldri tjón hafa áhrif á miskamatið.³⁸ Hér þarf þó að undirstrika að varanlegur miski verður aldrei metinn tvisvar. Til dæmis verður miski vegna missis á útlím eða tognunar á hálsi aldrei metinn aftur vegna síðari slysa. Miski vegna nýs tjóns í ljósi þess að fyrra tjón hefur þegar orðið getur hins vegar orðið til hækkunar þar sem hlutfallslegt vægi nýja tjónsins er meira í ljósi fyrri miska og koma þá til rök fyrir sérstökum erfiðleikum í lífi tjónþola.

Hugsa má að löggjafinn hafi hugsað þetta ákvæði um sérstakar kringumstæður til þess að hafa einhvern sveigjanleika og jafnframt ákveðið mat.

3.3. Miskamat íþróttamanna

3.3.1. Atvinnumenn

Hérna koma helst til skoðunar við mat á varanlegum miska, þegar atvinnumaður í íþróttum verður fyrir tjóni, þættir sem lúta að samþættingu atvinnunnar við áhugamál og hvort sérstakar kringumstæður kalli þannig á aukinn miska. Eins og að framan hefur verið rakið er mat á varanlegum miska tvíþætt, þ.e. almennt og sérstakt mat. Sérstaka matið á að taka til þess hvort einstaklingur hafi orðið fyrir meiri miska en almennt getur talist samkvæmt miskatöflu. Þar sem atvinnumaðurinn er einfaldlega að stunda atvinnu sína – verður hann þá nokkuð fyrir sérstökum miska? Er slíkt meira eða öðruvísi en til dæmis skurðlæknir sem missir fingur? Báðir þessir aðilar verða þá fyrir því tjóni sem leiðir til þess að þeir geta að líkindum ekki stundað atvinnu sína lengur. Hvort um áhugamál er að ræða eða ekki hlýtur í eðli sínu að vera minni háttar umhugsunarefni þar sem atvinnuþátttakan er grundvallaratriði varðandi þessa þætti, það er í knattspyrnu eða lækningum. Hérna verður því að ætla að þessi getumissir leiði ekki til sérstakrar hækkunar á varanlegum miska.

3.3.2. Hálfatvinnumenn

Annað sjónarmið gildir síðan gagnvart hálfatvinnumönnunum. Íþróttin er fyrst og fremst yndi íþróttamannsins og það að missa getu til þess að stunda hana getur verið honum sérstaklega þungbært, bæði líkamlega, félagslega og andlega, jafnvel löngu eftir að almennum starfsferli

³⁸ Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan CODEX 2005) 658-659.

lýkur. Hálfatvinnumenn eru í flestum tilvikum aðallega í annarri launaðri vinnu eða í öðrum verkefnum, sem jafna má til vinnu, eins og nám. Grundvallað á því má færa rök fyrir því að þeir verði mögulega fyrir sérstökum miska við það að geta ekki stundað íþrótt sína lengur.

Þó er hugsanlegt að þetta megi heimfæra upp á varanlega örorkumatið hjá hálfatvinnuönnum þar sem umbun þeirra fyrir íþróttina í formi greiðslna og hlunninda er það veruleg að jafna má til almennra launa í annarri vinnu. Hér ber þó einnig að líta til þess að nokkur hluti hálfatvinnumanna fær síðar meiri möguleika á hlutastarfi við þjálfun eða annað tengt íþróttinni. Tjónamat vegna missis á slíku tækifæri fellur því undir hefðbundið örorkumat.

3.3.3. Áhugamenn

Sjónarmiðið hjá áhugamönnum er líkt og með hálfatvinnuönnunum að við sérstakar aðstæður getur það komið til skoðunar að meta miskastig þeirra í einhverjum tilvikum hærra með tilliti til þess að þeir missi af því að geta stundað áhugamál sitt samanber Hrd. 9. desember 1966 í máli nr. 81/1966. Dómur þessi féll þó áður en skaðabótalögin tóku gildi, ákvæðið um miska var þá að finna í 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.³⁹ Málsatvik voru þau að lögreglumaður varð fyrir tjóni á fingri við löggæslustörf. Í mati sérfróðra matsmanna kom til skoðunar hækkun á miska sökum þess að hann gæti ekki stundað spjótkast vegna tjónsins.

4. Varanleg örorka

4.1. Almenn

Í 5–9. gr. skaðabótalaga er að finna ákvæði um varanlega örorku. Hér áður hefur verið fjallað um mat á varanlegum miska sem er metinn til stiga. Eins og fyrr greinir er það mat í grundvallaratriðum læknisfræðilegt. Það mat er almennt og við slíkt mat er stuðst við fyrrnefndar miskatöflur sem eiga að gera það að verkum að sams konar líkamstjón leiðir til sama miskastigs hver sem staða tjónþola er. Mat á varanlegri örorku er í grundvallaratriðum annað en mat á varanlegum miska, matið fer ekki eftir almennum mælikvarða heldur er það einstaklingsbundið.⁴⁰

³⁹ Guðný Björnsdóttir, „Miskabætur fyrir líkamstjón“ (1982) 32 Tímarit Lögfræðinga 109, 112.

⁴⁰ Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan CODEX 2005) 667.

Þegar varanleg örorka er metin er leitast við að bæta það tjón sem tjónþoli verður fyrir vegna varanlegrar skerðingar á getu til að afla tekna vegna afleiðinga tjónsins en þetta má leiða af orðalagi 5.gr. skaðabótalaga.

Tjónið er metið þannig að fundinn er mismunur á þeim atvinnutekjum, sem tjónþoli hefði aflað ef líkamstjónið hefði ekki orðið, og þeim tekjum sem tjónþoli mun afla sér í framtíðinni að teknu tilliti þeirra áhrifa sem líkamstjónið hefur á færni hans til að afla tekna. Þessi mismunur sem hlutfall af áætluðum tekjum, hefði tjónið ekki orðið, verður grundvöllur að varanlegri örorku metinni í hundraðshlutum. Byggt á þessu er tjónþola reiknaðar bætur sem eiga að leiða til þess að tjónþoli verði eins settur og tjónið hafi ekki orðið.⁴¹

4.2. Mat á varanlegri örorku

Örorkumat fer fram á öðrum forsendum en mat á varanlegum miska skv. 4. gr. skaðabótalaga. Samkvæmt 5. gr. skaðabótalaga er örorkumat ekki læknisfræðilegt mat heldur fjárhagslegt. Matið er einstaklingsbundið þar sem framtíðarhorfur geta verið mjög mismunandi eftir einstaklingum og aðstæðum í lífi þeirra. Af þessu má ráða að ekki er hægt að álykta um ákveðið hlutfall örorku út frá miskastigi og öfugt. Þó verður að líta til þess að barn eða einstaklingur með óráðna framtíð, sem slasast, verður öllu jöfnu ekki metið á öðrum forsendum en þeim sem eru grundvallaðar á miska. Taka verður þó tillit til þess að vega einvörðungu inn líkamstjón sem er til þess fallið að hafa áhrif á vinnugetu einstaklingsins til framtíðar. Í þessu samhengi má ætla að t.d. ör á líkama sem metið er til miskastiga verði öllu jöfnu ekki til þess fallið að valda varanlegri örorku.

Bæði tjónþoli og hinn bótaskyldi geta farið fram á að mat verði gert á varanlegri örorku tjónþola. Þetta mat fer fram þegar heilsufar tjónþola er orðið stöðugt, þ.e. þegar stöðuleikatímamarki er náð. Hvenær heilsufar tjónþola er orðið stöðugt er læknisfræðilegt mat. Við það mat þarf að taka tillit til þeirra meðhöndlunar, sem tjónþoli hefur fengið, en ekki til hugsanlegrar meðhöndlunar sem hann mun geta fengið í framtíðinni; aðeins ef öruggt er að síðari meðhöndlun muni leiða til bata skal taka tillit til slíkrar meðferðar. Það á að koma tjónþola til góða ef meðhöndlun í framtíðinni ber meiri ávöxt en vænta mátti. Í þessu samhengi er þó mikilvægt að undirstrika að gerðar eru ákveðnar kröfur til tjónþola um að

⁴¹ Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan CODEX 2005) 667.

takmarka tjón sitt, t.d. samkvæmt 2. mgr. 5. gr. skaðabótalaga, með því til dæmis að finna sér starf við hæfi eða leita sér viðeigandi meðferðar.⁴²

Markmið örorkumats er að komast að niðurstöðu um það að hve miklu leyti tjónþoli verði af tekjum í framtíðinni sökum líkamstjóns sem hann hefur orðið fyrir. Þau atriði sem koma þar til álita eru til dæmis:⁴³

„Staða tjónþola fyrir slys, þ.e. félagsleg staða, svo sem aldur, atvinna hans, atvinnusaga, menntun og heilsufar. Eðli líkamstjóns og hin varanlegu áhrif þess. Möguleikar tjónþola til að halda fyrra starfi eða finna sér nýtt starf.“⁴⁴

Tjónþoli á rétt á endurupptöku máls á síðari stigum, samanber 11. gr. skaðabótalaga, og getur hann þar óskað eftir nýju örorkumati. Skilyrði fyrir því eru að ófyrirsjáanlegar breytingar hafi leitt til þess að ætla megi að miskastig hans eða hundraðshluti örorku sé verulega hærra en áður hefur verið metið.

Fyrirgreint mat á varanlegum miska samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga hefur ekki áhrif á mat á varanlegri örorku enda er þetta tvennt ólíkt þótt tengsl séu þar á milli eins og áður hefur verið vikið að. Það verður þó að athuga að líkamstjónið og hið andlega tjón skiptir máli þegar mat á hinni fjárhagslegu örorku fer fram. Af þessu má leiða að mat á varanlegri örorku sé framkvæmt þegar líkamstjón hefur verið að fullu metið.

Þegar örorkumat samkvæmt 5. gr. skaðabótalaga er gert verður að miða við forsendur matsins og beita sérstakri aðferðafræði. Sú aðferðafræði felur í sér samanburð á tveimur mismunandi atburðarásum, þ.e. annars vegar þá atburðarrás sem verður í lífi tjónþola eftir að hann lendir í tjóninu og hins vegar líf tjónþola hefði hann ekki lent í þessu tjóni. Tilgangur þessa samanburðar er að meta hvort tjónþoli hafi orðið fyrir varanlegri skerðingu til að afla launtekna og þá hversu mikilli skerðingu.⁴⁵

4.2.1. Staða tjónþola ef tjónsatvik hefði ekki komið til

Þegar sú framvinda er skoðuð, að tjónsatvik hefði ekki komið til, þarf að leggja eftirfarandi til grundvallar: Hver er atvinnusaga tjónþola? Með öðrum orðum þarf að athuga hvernig atvinnuþátttaka hans hefur verið, hvort hún hafi verið stöðug og hvort fjarvistir hafi verið

⁴² Alpt., 1992-93, A-deild, 3646.

⁴³ Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (bókaútgáfan CODEX 2005) 669-671.

⁴⁴ Sama heimild 671.

⁴⁵ Guðmundur Sigurðsson, „Mat á varanlegum afleiðingum líkamstjóna“ (2006) 3 Tímarit Lögréttu 101, 105.

eðlilegar t.d. vegna veikinda. Lítum á tvo einstaklinga með ólíkan bakgrunn. Annar er 50 ára gamall á tjónsdegi, hefur unnið stöðugt frá því að hann kom út á vinnumarkaðinn og ætla hefði mátt að hann hefði haldið áfram að vera í stöðugri vinnu ef ekki hefði komið til tjóns. Hinn einstaklingurinn er jafn gamall á slysdegi og hefur ekki samfellda atvinnusögu síðan að hann kom út á atvinnumarkaðinn. Slíkur einstaklingur er ekki líklegur til þess í framhaldi af tjóni að stunda fulla vinnu og/eða ná meiri samfellu í atvinnuþátttöku sína en áður. Þegar atvinnuþátttaka er metin verður að leggja vinnu við heimilisstörf að jöfnu við atvinnu utan heimilis, samanber 3. mgr. 1. gr. skaðabótalaga. Það skiptir máli hvernig ráðningarform tjónþola hefur verið, hvort hann hefur verið í tímabundnu starfi eða með ótímabundna ráðningu. Þá skiptir einnig máli hver framtíðaráform tjónþola eru. Hafi hann verið búinn að lýsa því yfir að hann ætli að hætta við ákveðinn starfsaldur en ekki við 75 ára aldur eins og gert er ráð fyrir að hámarki í 6. gr. skaðabótalaga verður að teljast eðlilegt að hann fái bætur þangað til en ekki til 75 ára aldurs eins og löggin gera ráð fyrir. Horfur í atvinnumálum, þá sérstaklega í þeirri starfsgrein sem tjónþoli starfar við, geta skipt máli en þetta á þó bara við í undantekningartilfellum. Þá skiptir menntun og almenn félagsleg staða tjónþola máli þegar metnar eru framtíðaratvinnuhorfur hans. Hérna kemur líka til skoðunar almennt heilsufar tjónþola, hvort hann hafi lent í öðru tjóni, verið öryrki fyrir og annað þess háttar sem líklegt er að hafa áhrif á framtíðarhorfur hans. Taka verður tillit til þess hjá tjónþola ef ljóst þykir að stöðuhækkun honum til handa var í bígerð eða hækkun launa af einhverjum þekktum ástæðum. Slík hækkun launa verður þó að vera örugg svo hægt sé að taka tillit til hennar. Þessi þættir, sem hafa verið nefndir hér, eru ekki tæmandi en eins og fyrr hefur komið fram er mat á varanlegri örorku einstaklingsbundið mat og þar af leiðandi geta komið upp ýmis sjónarmið önnur en hér hafa verið nefnd eftir því hvaða einstaklingur á í hlut.⁴⁶

Ljóst er að það falla ekki allir þjóðfélagshópar vel að þessari aðferð sem hér hefur verið lýst. Þar má nefna börn, unglinga, sjálfstætt starfandi einstaklinga og íþróttamenn. Samkvæmt 8. gr. skaðabótalaga á að leitast við að framkvæma mat á varanlegri örorku einstaklinga, sem falla þar undir, með sömu aðferðum og reglum.⁴⁷

⁴⁶ Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan CODEX 2005) 672-674.

⁴⁷ Sama heimild 675.

4.2.2. Staða tjónþola að teknu tilliti til líkamstjóns

Staða tjónþola að teknu tilliti til líkamstjóns er síðan hitt ferlið við mat á varanlegri örorku sem taka þarf til skoðunar. Í 2. mgr. 5. gr. skaðabótalaga segir: „*Þegar tjón vegna örorku er metið skal líta til þeirra kosta sem tjónþoli á til að afla sér tekna með vinnu sem sanngjarnt er að ætlast til að hann starfi við.*“⁴⁸ Þessar leiðbeiningar, sem eru í framangreindri grein, eru ekki ítarlegar eða tæmandi. Út frá þeim má þó draga nokkrar ályktanir. Hérna skiptir miklu máli að matið er einstaklingsbundið, ekki er hægt að segja til um hvað almennt myndi gerast eða hvaða afleiðingar svona tjón hefði fyrir annan einstakling. Sambærilegt tjón getur haft mismunandi áhrif á einstaklinga. Því lengri tími sem líður frá tjónsdegi verður óvissan minni. Þetta hefur þó ekki í för með sér rétt til að draga örorkumatið á langinn enda á tjónþoli rétt á því að örorkumatið fari fram þegar heilsufar hans er orðið stöðugt.⁴⁹

Þau atriði, sem skipta hvað mestu máli við mat á þeim áhrifum, sem líkamstjón hefur á getu tjónþola til að afla tekna í framtíðinni, eru eftirfarandi:

Tekjur tjónþola eftir tjónið. Ef tekjur tjónþola eru þær sömu eða ef til vill hærri en áður verður ekki séð að breytingar verði á aflagetu hans í framtíðinni. Af því leiðir að líta verður svo á að ekki sé um varanlega örorku að ræða. Hérna skiptir hvorki mat á varanlegum miska máli né líkamstjónið yfirleitt. Niðurstaðan er sú að skilyrðum 5. gr. skaðabótalaga – um að skerðing á getu til að afla tekna sé ekki til staðar – og þar af leiðandi skilyrðum til þess að greiða bætur fyrir varanlega örorku er ekki fullnægt. Frá þessu getur verið undantekning sé það fyrirsjáanlegt að tjónþoli muni þurfa að minnka við sig vinnu í framtíðinni, t.d. vegna þess að starfsferill verður styttri en ella.

Niðurstaðan er því sú að ef tekjur tjónþola eftir slys eru lægri en fyrir slys gefur það vísbendingu um að líkamstjónið hafi haft þau áhrif að geta hans til af afla vinnutekna hafi skerast. Í skaðabótarétti verður að vera orsakasamband á milli tjónsatviks og þess tjóns sem felst í lægri tekjum eftir tjónið eins og gerð var grein fyrir í inngangskafli þessarar ritgerðar. Ýmislegt getur verið á bak við launalækkun, annað starf, minni starfsorka eða tjónþoli hafi þurft að hætta vinnu af öðrum ástæðum. Þá þarf að taka tillit til þess hvort verkefnaskortur sé í þeirri grein sem tjónþoli hefur starfað í. Þetta þarf allt að meta í hverju tilviki fyrir sig, það

⁴⁸ Skaðabótalög nr. 50/1993, 2. mgr. 5. gr.

⁴⁹ Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan CODEX 2005) 676.

er hver launalækkunin er, hverjar eru ástæður hennar og hversu varanleg mun hún vera. Að öllu þessu virtu er síðan unnt að taka ákvörðun um hundraðshluta örorku miðað við að tjónsatvik hefði ekki orðið.⁵⁰

Líkamstjónið og afleiðingar þess, bæði líkamlegar og andlegar, skipta máli þegar reynt er að segja fyrir um framtíð tjónþola að teknu tilliti til tjónsatviks. Kemur þetta til skoðunar bæði varðandi áhrif, sem verða strax við tjónsatburð, og áhrif á líf tjónþola seinna meir; taka þarf mið af hvorutveggja í örorkumati. Við örorkumat verður að varast að leggja einvörðungu til grundvallar mat tjónþola á því hversu mikið hann getur unnið og hversu miklar afleiðingarnar eru að hans sögn. Þá verður að taka tillit til þess að menn eru misjafnir og þótt einstaklingum svipi saman hvað varðar til dæmis aldur og kyn þá getur annar þeirra hafa orðið fyrir miklu áfalli við tjónið á meðan hinn sé mun sterkari og betur fær um að takmarka tjón sitt. Ef orsakasamband er á milli þess áfalls og tjónsatviks hefur það áhrif á örorkustigið og sá sem framkvæmir matið verður að taka til þessa, líkt og um líkamlegar afleiðingar sé að ræða.⁵¹ Þetta sjónarmið er á sinn hátt undirstrikað í dönsku miskatöflunni en þar er sértaklega gefið upp hver séu miskastig vegna tiltekinna geðsjúkdóma í kjölfar tjóns. En undirstrika verður að þegar horft er á þann miska þá þarf að meta hvað hann veldur miklu aflatjóni.

Tjónþola ber skylda til að takmarka tjón sitt samanber 2. mgr. 5. gr. skaðabótalaga. Það ber að líta til þeirra kosta sem tjónþoli á til þess að afla sér launatekna, sem sanngjarnt er að ætlast til af honum, til þess að hið fjárhagslega tjón verði sem minnst. Hvað það er sem tjónþoli á að gera er einstaklingsbundið hverju sinni og er matið á sanngirnisgrundvelli út frá því hversu ríkar kröfur eru gerðar til tjónþola til þess að afla vinnutekna. Við það mat skipta eftirfarandi atriði máli.

1. Eðli líkamstjónsins og afleiðingar þess fyrir tjónþola, samanber fyrri umfjöllun um að tjón geta verið mismunandi sem og afleiðingar þeirra fyrir hvern og einn einstakling og misjafnt er hversu mikil áhrif tjón hafa á einstaklinga.
2. Aldur tjónþola skiptir máli. Ríkari kröfur eru gerðar til þeirra sem yngri eru, þá sérstaklega þeirra sem ekki hafa fest sig í sessi á ákveðnu starfssviði. Ekki eru gerðar þær kröfur til eldri einstaklinga að þeir taki að sér vinnu sem þeir þekkja lítið sem ekkert til enda hafi þeir starfað í öðrum atvinnugeira allt sitt líf. Ljóst má vera að það

⁵⁰ Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan CODEX 2005) 676.

⁵¹ Sama heimild 678.

getur bæði verið erfitt og tímafrekt og auk þess kostnaðarsamt fyrir slíka einstaklinga að kollvarpa ferli sínum.

3. Almenn atgervi einstaklinga skiptir máli. Gerðar eru meiri kröfur til þeirra sem búa við gott almennt atgervi um að komast í nýja vinnu samanborið við þá sem minna mega sín.
4. Menntun tjónþola skiptir máli. Almenn má gera meiri kröfur til þeirra sem hafa meiri og/eða betri menntun en þó verður að líta til sanngirnissjónarmiða.
5. Atvinnuhorfur skipta einnig máli. Ef framboð á atvinnu er mikið eru gerðar meiri kröfur til einstaklinga að fá sér vinnu heldur en þegar atvinnuleysi eða lítið framboð á vinnu er í landinu.
6. Loks er það búsetan sem skiptir máli: Aðstaða einstaklings, sem býr í litlum bæ, er önnur en þess sem býr á höfuðborgarsvæðinu þar sem mun meiri vinnu er að fá. Ekki er hægt að ætlast til þess að sá sem býr í litla bænum úti á landi og hefur skotið þar rótum, t.d. með fjölskyldu og húseignum, flytji til höfuðborgarsvæðisins til þess að fá sér vinnu sem hann geti stundað.⁵²

4.3. Mat á varanlegri örorku íþróttamanna

4.3.1. Atvinnumenn

Við mat á varanlegri örorku atvinnumanns í íþróttum koma ýmis sjónarmið til skoðunar. Eins og fyrr segir við mat á varanlegri örorku þarf að skoða tvo ferla: Annars vegar hvernig staða tjónþola væri ef tjónsatvik hefði ekki komið til og hins vegar hvernig staða tjónþola er að teknu tilliti til tjónsatviks.

Fyrst ber að líta til þess ferils ef tjónið hefði ekki orðið. Hérna geta verið uppi ýmsar stöður. Hér er dæmi af íþróttamanni sem hefur verið atvinnumaður í handknattleik í 5 ár eða síðan hann var 20 ára gamall. Hann er byrjunarliðsmaður í sínu liði og ekkert bendir til annars en sú staða haldist áfram. Hann er nýbúinn að skrifa undir 5 ára samning við lið sitt. Hérna hlýtur að koma til skoðunar sú staðreynd að það virðist vera nokkuð ljóst að hann muni halda áfram atvinnumennsku í handknattleik í að minnsta kosti 5 ár í viðbót og að öllum líkindum eitthvað lengur. Að loknum atvinnumannsferlinum geta starfsmöguleikar hans í ljósi reynslu hans af handknattleik verið fólgnir í þjálfun eða fræðslu á sviði handknattleiks.

⁵² Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan CODEX 2005) 678-680.

Ef horft er til sama dæmis með þeirri breytingu að nú hefur slysið orðið og taka skal tillit til þess. Þá verður að gera ráð fyrir að líkur bentu til að íþróttamaðurinn yrði í að minnsta kosti 5 ár í viðbót í handknattleik enda nýbúinn að skrifa undir 5 ára samning. Framtíðarmöguleikar hans eru misjafnir eftir því hversu alvarlegt slysið er. Einnig þarf að taka tillit til menntunar hans en miðað við dæmið hefur hann getað lokið stúdentsprófi eða sambærilegri menntun. Eins og síðar verður gerð grein fyrir verður að vera fyrirsjáanlegt að einstaklingur í námi sé að ljúka því námi til starfsréttinda svo að hann geti fengið til viðmiðunar meðallaun í þeirri starfstétt. Í dæmi sem þessu er slíkt ekki fyrirsjáanlegt, þá er líka veruleg óvissa um hverjar eru líkur á því að hann fengi verkefni sem tengjast þekkingu hans á handknattleik í framtíðinni. Að því sögðu getur það leitt til þess að við mat á framtíðartekjumöguleikum verði að horfa til þess tíma sem hann á eftir í atvinnumennsku og síðan ákvarða honum lágmarkslaun samkvæmt skaðabótalögnum fram að hefðbundnum eftirlaunaaldri.

4.3.2. Hálfatvinnumenn

Fjöldi tilvika geta einnig komið upp varðandi hálfatvinnumanninn. Knattspyrnumaður, sem einnig er menntaður í iðngrein og starfar sem slíkur samhliða fótboltanum, verður fyrir slysi. Hefði ekki komið til slyssins verður að ætla að hann hefði haldið áfram í iðngrein og knattspyrnu og ætti því rétt á þeim launum sem hann hefur haft sem slíkur. Varðandi framtíðarhorfur hans að teknu tilliti til slyssins fer það eftir eðli tjónsins hver laun hans verða. Gefum okkur að hann geti ekki stundað iðngrein sína; þá er hugsanlegt að litið verði til íþróttahæfileika hans og þá hvort ekki sé sanngjarnt að ætlast til að hann geti stundað þjálfun eða önnur störf fyrir knattspyrnufélag sitt. Þetta er ekki síst eðlileg krafa í ljósi þess hve rík krafa er gerð um að einstaklingur takmarki tjón sitt. Undirstrika verður þó, þrátt fyrir þetta tilbúna dæmi, að matið er einstaklingsbundið en hér koma til álita auknir hæfileikar einstaklingsins vegna sérstakrar getu í íþróttinni til að afla sér tekna. Þá er einnig hugsanlegt að tjónið hafi leitt til minni getu einstaklingsins til að afla sér tekna eða hlunninda með íþróttinni og verður þá að meta það sem þátt í varanlegri örorku hans.

4.3.3. Áhugamenn

Varðandi áhugamanninn í íþróttum verður að líta til þess að ekki verða gerðar sérstakar kröfur til hans er varðar íþróttaiðkun og því koma ekki sérstök sjónarmið til skoðunar er

varða mat á varanlegri örorku með tilliti til íþróttaiðkunarinnar. Vegna umfangs áhugamennsku hans er þó innan marka hins mögulega að taka til skoðunar hversu miklar líkur eða hvort líkur séu yfirleitt á að í starfsferli framtíðar hans felist hlutastörf grundvölluð á íþróttinni. Kæmi þetta eftir atvikum annað hvort til hækkunar eða lækkunar á varanlegri örorku.

5. Laun

5.1. Árslaun

Árslaun samkvæmt skaðabótalögum eru skilgreind í 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga en þar segir: „Árslaun til ákvörðunar bóta skv. 6. gr. skulu teljast vera meðalatvinnutekjur tjónþola að meðtöldu framlagi vinnuveitanda til lífeyrissjóðs þrjú síðustu almanaksárin fyrir þann dag er tjón varð, leiðrétt samkvæmt launavísitölu til þess tíma sem upphaf varanlegrar örorku miðast við.“⁵³ Oftar en ekki er frekar einfalt fyrir tjónþola að sýna fram á atvinnutekjur sínar. Það gerir hann t.d. með því að leggja fram skattframtöl sín fyrir síðustu þrjú almanaksár. Skattframtölin eru þó ekki reglan heldur í flestum tilvikum einfaldasta lausnin. Þetta er uppgjör á milli tjónþola og tjónvalds en ekki á milli tjónþola og ríkis eða sveitarfélags, þ.e. opinbers stjórnvalds eða opinbers aðila. Þar af leiðandi er tjónþola frjálst að sanna þetta eins og hann vill og aðilar verða ásáttir um. T.d. ef tjónþoli starfar við eigin atvinnurekstur getur komið til greina að hann sýni rekstrarreikning fyrirtækis síns til þess að sína tjónvaldi fram á meðalatvinnutekjur sínar.

Í 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga segir: „Árslaun skulu þó metin sérstaklega þegar óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi og ætla má að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur tjónþola.“⁵⁴ Markmið skaðabótalaganna er að tryggja að tjónþoli fái tjón sitt að fullu bætt. Tvö skilyrði eru fyrir því að þetta ákvæði sé notað. Annað skilyrðið er að aðstæður hafi verið óvenjulegar og hitt skilyrðið að þessar óvenjulegu aðstæður leiði til þess að almenni mælikvarðinn gefi ekki rétta mynd af árslaunum tjónþola heldur sé annar mælikvarði réttari. Það er tjónþoli sem þarf að sýna fram á þetta. Sem dæmi, sem getur komið til greina, má

⁵³ Skaðabótalög nr. 50/1993, 1. mgr. 7. gr.

⁵⁴ Skaðabótalög nr. 50/1993, 2. mgr. 7. gr.

nefna aðila sem hefur ný lokið námi og er að byrja á lágmarkslaunum.⁵⁵ Er þetta að líkindum sambærilegt við það þegar íþróttamaður fær sinn fyrsta samning. Slíkur samningur verður sennilega að teljast allsterk vísbending um það að íþróttamaðurinn fái betri samning síðar þegar hann er orðinn reyndari leikmaður og nái þannig umtalsvert meiri tekjum vegna íþróttar sinnar. Í þessu samhengi þarf einnig að horfa til þess að eftir því sem ferill íþróttamanna verður lengri og með tilliti til samninga og umfanga þeirra verða væntingar um tekjur meiri og jafnframt væntingar til enn frekari tekjuöflunar síðar meir ef vel gengur. Þannig má ætla að fyrir íþróttamann, sem verður fyrir slysi, sé samningasaga hans með hliðsjón af aldri hans og ferli grundvallaratriði til að áætla megi væntanleg laun hans af íþróttinni í framtíðinni.

5.2. Ákvörðun árslauna íþróttamanna.

Það eru ýmis álitamál sem koma til skoðunar þegar árslaun íþróttamanna eru metin. Í því samhengi er hjálplegt að horfa til hvernig árslaun barna eða námsmanna eru metin. Þegar börn eiga í hlut er miðað við lágmarkslaunin sem gert er ráð fyrir í 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Það hefur hins vegar verið mikið álitamál hvernig beri að reikna út laun þeirra, sem eru í námi til að undirbúa sig fyrir starf. Þetta stafar af því að þau laun, sem ákveðin starfstétt er með að meðaltali, eru oftar en ekki töluvert hærri en lágmarkslaunin í lögnum gera ráð fyrir. Samkvæmt dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands má draga þá ályktun að það verði að vera fyrir séð að námsmaðurinn sé að ljúka námi; annars er miðað við lágmarkslaunin í 3. mgr. 7. gr.⁵⁶ Hérna er vert að reyna að svara spurningunni um hálfatvinnumennina sem orðaðir hafa verið við lið úti í heimi. Er nóg að hafa verið orðaður við erlent lið eða nægir að hafa farið til reynslu til erlends atvinnumannaliðs eða þarf að vera komið fram skjalfest samningstilboð? Í ljósi dómaframkvæmdar Hæstaréttar þá verður að gera ríka kröfu til þess að framundan sé ákveðinn starfsferill. Miðað við ofangreint verður að ætla að hálfatvinnumaður verði að hafa skjalfest tilboð í hendi til þess að framtíðarárslaun hans verði metin með hliðsjón af launum atvinnuþróttamanna.

5.3. Hámarksárslaun

Skaðabótalögin gera jafnframt ráð fyrir ákveðnum hámarksárslaunum. Í 4. mgr. 7. gr. skaðabótalaga segir að ekki skuli miða við hærri árslaun en kr. 4.500.000; síðan þarf að

⁵⁵ Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan CODEX 2005) 685.

⁵⁶ Sama heimild 687-689.

reikna út hækkunir samkvæmt 15. gr. skaðbótalaga. Í dag er þessi tala uppreiknuð með 7801 (lánskjaravísitala í maí 2012 samkvæmt Hagstofu Íslands) deilt með 3282 (grunnur samkvæmt skaðabótalögum nr. 50/1993) sinnum 4.500.000 kr. eða samtals kr. 10.696.000.

Í almennum athugasemdum, sem fylgdu lagafrumvarpinu, er að finna þessi rök fyrir þessari reglu:

„Annars vegar þau að eðlilegt þykir að menn með óvenjuháar tekjur beri sjálfir það tjón sem stafar af missi þess hluta teknanna sem fara að miklum mun fram úr því sem venjulegt er meðal tekjuhárra manna. Tekjumiklir menn geta auðveldlega keypt vátryggingar sem tryggja þeim bætur fyrir tjón er þeir kunna að verða fyrir vegna þessarar takmörkunar. Hin rökin fyrir takmörkun bótafjárhæðar eru þau að leggja verður til grundvallar að því fylgir almennt talsverður ávinningur að almannatryggingabætur og aðrar greiðslur frá þriðja manni verða ekki dregnar frá bótakröfu.“⁵⁷

Fjárhæðinni var ekki breytt með breytingum sem voru gerðar á skaðabótalögum með lögum nr. 37/1999. Er það skýrt svo í athugasemdum frumvarpsins að þeir sem hafa svo háar tekjur hafi það oft en ekki einungis tímabundið og þegar líður á starfsævina færast þeir nær meðallaunum. Dæmi, sem notað er, eru tekjur sjómanna.⁵⁸

Hefur þessi regla verið gagnrýnd í ljósi þess að töluverður hópur manna hefur hærri laun en þessi hámarkslaun sem tilgreind eru í 4. mgr. 7. gr.skaðabótalaga. Samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands má því ætla að umtalsverður fjöldi einstaklinga í röðum stjórnenda og sérfræðinga séu með hærri laun en þessu nemur.⁵⁹ Þá má nefna að 20 launahæstu íslensku atvinnumennirnir í íþróttum eru með hærri laun en 28.000.000 kr. í árslaun.⁶⁰ Þessi hópur fær þar af leiðandi mögulega ekki fullar bætur þrátt fyrir markmið skaðabótalaganna um að bæta skuli að fullu raunverulegt fjártjón tjónþola. Einnig hefur verið deilt um hvort þessi

⁵⁷ Alpt., 1992-93, A-deild, 3648.

⁵⁸ Alpt., 1998-99, A-deild, 1295.

⁵⁹ Hagstofa Íslands, „Dreifing launa fullvinnandi launamanna á almennum markaði eftir starfsstétt 1998-2011“ <<http://hagstofa.is/?PageID=2594&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=VIN02011%26ti=Dreifing+launa+fullvinna+launamanna+%E1+almennum+marka%F0i+eftir+starfsst%E9tt+1998%2D2011+++++++%26path=../D+atabase/vinumarkadur/fulllaun/%26lang=3%26units=%DE%FAsundur%20kr%F3na/pr%F3sentur>> skoðað 21.apríl 2012.

⁶⁰ Róbert Róbertsson, „Launahæstir í boltanum“, í Björgvin Guðmundsson (ritstj.) (2012), Áramót Viðskiptablaðið 102, 102.

takmörkun á rétti til skaðabóta feli í sér brot á eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Hér má nefna Hrd. 15. mars 2000 í máli nr. 395/2000.⁶¹

Læknir lenti í alvarlegu umferðarslysi og var varanleg örorka metin 100% og varanlegur miski 90%. Læknirinn gerði nokkra fyrirvara, meðal annars að þáverandi 3. mgr. 7. gr. skaðbótalaga (nú 4. mgr.) um hámark viðmiðunartekna bryti í bága við stjórnarskrárvarin réttindi. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að aflahæfi hans væru réttindi sem nytu verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar. Löggjafanum væri þó heimilt að skerða þessi réttindi með almennum reglum sem reistar væru á málefnalegum sjónarmiðum og fælu ekki í sér mismunun. Kröfu tjónþola var því hafnað.⁶²

6. Erlendur réttur

6.1. Danskur réttur

Eins og fram hefur komið eru dönsku skaðabótalögin fyrirmynd þeirra íslensku. Af þeim sökum eru mikil líkindi með dönskum og íslenskum rétti. Þegar samanburður er gerður á 4. gr. íslensku skaðabótalaganna og sambærilegu ákvæði í þeim dönsku má sjá að íslenska ákvæðið er efnislega eins og það danska. Þá er í þeim munur á framsetningu, einkum í sambandi við aldurstengdar bætur þar sem þær eru settar upp í töflu í íslensku lögunum en í þeim dönsku eru þær kynntar með orðum.

Í ítarlegri umfjöllun frá árinu 2000, þar sem tekin eru fyrir ýmis lagaleg sjónarmið er varða íþróttamenn og réttarstöðu þeirra í dönskum rétti, er mjög lítið fjallað um örorku og miska. Þó er tekið til þess að umfjöllun samkvæmt viðmiðunum í „arbejdsskadesikringsretten“ varðandi íþróttamenn er mjög ný af nálinni og heimildir litlar. Lungað af umfjölluninni er um áhættutöku en sjónarmið varðandi miska eða örorku koma lítt til skoðunar. Þó er í kaflanum um bætur (d. erstatning) fjallað um að réttur vegna tjóns geti verið tryggingarréttur eða skaðabótaréttur.⁶³

Við leit að sérstökum fræðiritum eða umfjöllun um álitafni ritgerðarinnar í dönskum rétti hefur lítið sérstækt efni fundist. Hins vegar er mikilvægt að horfa til niðurstöðu Martins Dahl

⁶¹ Hrd. 15. júní 2006 í máli nr. 19/2006. Er annað dæmi þar sem komist var að sömu niðurstöðu um að hámarkslaunaviðmið stangist ekki á við stjórnarskrá varin réttindi einstaklinga.

⁶² Hrd. 15. mars. 2000 í máli nr. 395/2000.

⁶³ Jørgen Verner, „Erstatning og idræt – nogle erstatningsretlige betragtninger“ (2000) Idrætsjuristen <http://www.idan.dk/upload/idr%C3%A6tsjuristen_2000.pdf> skoðað 15.apríl 2012.

Pedersen og Mortens Rosenmejer en þeir komast að því að í íþróttahreyfingunni, sérstaklega hvað varðar áhugamennsku, séu menn lítið uppteknir af skipulögðum lagaramma sem lýtur að atvinnustarfsemi. Þessir aðilar líta iðulega þannig á að íþróttir séu ekki undir hinum almenna lagaramma samfélagsins hvort sem er í dönskum rétti eða Evrópurétti. Þetta hefur leitt til þess að vitund íþróttamanna um að íþróttamenn njóti almennt sömu réttinda og aðrir borgarar er oft ófullnægjandi.⁶⁴

Þessi fullyrðing Dananna skýrir að mögulega er orsök þess að lítið hefur verið fjallað um örorku og miska íþróttamanna almennt sinnuleysi um lög og reglur í hópi þeirra.

7. Slysatriggingar

Þegar bótaréttur er athugaður þarf að skoða hann í heild sinni. Þar eru ýmsar reglur sem spila saman. Til dæmis voru gerðar breytingar á skaðabótalögum nr. 50/1993 með lögum nr. 37/1999. Þarf við útreikning skaðabóta að athuga rétt tjónþola til greiðslna frá öðrum en þeim sem skaðabótaskyldur er því að í ákveðnum tilvikum geta þær greiðslur komið til frádráttar skaðabótunum.⁶⁵ Það er meginregla í skaðabótarétti að tjónþoli skuli ekki fá hærri bætur en nemur raunverulegu tjóni. Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga dragast frá skaðabótakröfu vegna líkamstjóns:

„... eingreiddar örorkubætur almannatrygginga, sbr. 5. mgr. 34. gr. laga nr. 100/2007, bætur frá slysatriggingu ökumanns eftir umferðarlögum og bætur frá sams konar slysatriggingu manns er slasast sem farþegi í eigin ökutæki. Greiðslur frá samnings- eða lögbundinni atvinnuslysatriggingu launþega dragast frá skaðabótakröfu hans á hendur vinnuveitanda þeim sem slysatrigginguna keypti. Bætur samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu skal einnig draga frá skaðabótakröfu. Jafnframt skal draga frá skaðabótakröfu 40% af reiknuðu eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris frá lífeyrissjóði og skal við útreikninginn miðað við 4,5% ársávöxtun. Aðrar greiðslur sem tjónþoli fær frá þriðja manni vegna líkamstjóns, svo sem lífeyrissjóði eða vátryggingafélagi, dragast ekki frá skaðabótakröfu.“⁶⁶

Í þessu samhengi þarf því að skilgreina hvenær íþróttmaðurinn telst launþegi. En í þeim tilfellum á ofangreint ákvæði við. Um stöðu íþróttamanna sem launþega hefur verið ítarlega

⁶⁴ Martin Dahl Pedersen og Morten Rosenmejer, „Sportsfolks retssikkerhed“ (2007) 7 Juristen <<http://www.djoef.dk/Blade/Juristen/Juristen2007/~media/Documents/Djoef/J/Juristennr72007.ashx>> skoðað 15. apríl 2012.

⁶⁵ Guðmundur Sigurðsson, „Íslenskur bótaréttur vegna vinnuslysa“ (2008) <<http://www.ru.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=11007>> skoðað 10. mars 2012.

⁶⁶ Skaðabótalög nr. 50/1993 4. mgr. 5. gr.

fjallað varðandi knattspyrnumenn. Byggt á því má ætla að atvinnuslysaftryggingar launþega dragist frá skaðabótakröfu knattspyrnuleikmanns í efstu deild á hendur íþróttafélaginu enda hafi leikmaðurinn þar stöðu launþega.

7.1. Slysaftryggingar íþróttamanna

Slysaftrygging íþróttamanna er hópvátrygging sem er sniðin fyrir hópa íþróttafélaga, t.d. í handknattleik og knattspyrnu, og er ætlað að bæta tryggingarvernd íþróttafólks. Tryggingartakar eru þá íþróttafélögin sem ber annað hvort skylda til eða vilja auka tryggingarvernd leikmannahópa á þeirra vegum. Þessar tryggingar ná yfir slys sem verða við æfingar og keppni. Grunnvátryggingarfjárhæðir vegna örorkubóta, dánarbóta og dagpeninga eru lágmarksfjárhæðir en möguleiki er á að hækka þá fjárhæð til að auka tryggingarverndina. Þá er einnig hægt að bæta við erlendum sjúkrakostnaði; það væri þá gert í þeim tilvikum er lið fara t.d. í keppnisferðir eða æfingaferðir.

Slysaftryggingu íþróttamanna er ætlað að ná yfir slys sem verða við æfingar og keppni en þau slys eru gjarnan undanskilin í öðrum slysaftryggingum. Lykilhugtak hér er hugtakið slys en með orðinu slys í slysaftryggingu íþróttamanna er átt við eftirfarandi samkvæmt skilmálum hjá Vátryggingarfélagi Íslands:

„Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um sé að ræða skyndilegan atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.“⁶⁷

Til samanburðar er grunnskilgreining frá tryggingarfélaginu Verði eins og hjá Vátryggingarfélagi Íslands. Á hinn bóginn er tekið sérstaklega fram að eftirtalin atvik séu innifalin í vátryggingunni hjá Verði:

- a) Kviðslit sem verður við íþróttaiðkun og er tilkynnt félaginu án tafar.
- b) Heilsutjón eða andlát við böð, sund, vegna sólstings eða annarra áhrifa ljóss, hitastigs eða veðurs. Þetta gildir einnig þótt að ekki sé um að ræða beinar afleiðingar slyss.
- c) Allar tognanir, snúningar og slit sem orsakast á skyndilegan og óvæntan hátt.
- d) Andlát sem að orsakast beint af líkamlegri örmögnum við virka þátttöku í keppni eða við æfingar. Bætur eru 50% af dánarbótum vátryggingarinnar.⁶⁸

⁶⁷ Vátryggingarfélag Íslands, „Slysaftrygging íþróttamanna hópvátrygging, vátryggingarskilmálar nr. SS55“ <http://www.vis.is/library/Tryggingaskjol/Tryggingaskilmalar/Sjukra--og-slysaftryggingar/SS55_slysatr.pdf> skoðað 16. apríl 2012.

⁶⁸ Vörður tryggingar hf., „Slysa- og ábyrgðartrygging íþróttamanna skilmáli P-1“ <<http://www.vordur.is/files/P-1%20Slysa%20og%20ab%20ithrottamanna.pdf>> skoðað 30. apríl 2012.

Það er nýtt í tryggingu Vátryggingarfélags Íslands að varðandi meiðsl á útlimum sé þess ekki krafist að um skyndilegan utanaðkomandi atburð sé að ræða heldur er eingöngu gerð krafa að um sé að ræða skyndilegan atburð sem gerist án vilja hins slasaða. Það er einmitt í tilvikum sem þessum sem mörg slys gerast í knattspyrnu og handknattleik þar sem íþróttamenn beita sér með hámarksálagi. Má hér nefna að í þeim íþróttagreinum, sem hér eru til umfjöllunar, breytir leikmaður iðulega snögglega um stefnu sem hefur í för með sér hættu á slysi, t.d. slit á krossbandi í hné. Með þessari breytingu á slyshugtakinu verður atburður sem þessi bótaskyldur og tryggir þannig betur réttarstöðu íþróttamannsins heldur en ef grunn skilgreining slyshugtaksins væri notuð í þessum skilmálum.⁶⁹

Hjá tryggingarfélaginu Verði er farin önnur leið. Þeir halda sér við grunnskilgreiningu á slyshugtakinu en tiltaka ákveðin atvik sem falla undir vátrygginguna. Í skilmálum Varðar falla hins vegar allar tognanir, snúningar og slit sem orsakast á skyndilegan og óvæntan hátt undir vátrygginguna, þar með talið kviðslit sé það tilkynnt án tafar.

Með þessu virðast skilmálar Varðar sértækari og ýmis slysaatvik svo sem beinbrot á útlím fellur ekki þar undir en fellur hins vegar undir öllum kringumstæðum undir hugtakið slys samkvæmt skilmálum Vátryggingarfélags Íslands.⁷⁰

Á hinn bóginn þá virðist Vörður veita víðtækari tryggingarvernd hvað varðar slys í tengslum við böð, sund, vegna sólstings eða annarra áhrifa ljóss, hitastigs eða veðurs. Í því samhengi er sértaklega tekið fram að ekki þurfa að vera um beinar afleiðingar slyss.⁷¹

Erfitt er byggt einvörðungu á þessum skilmálum að átta sig á því hvor vátryggingarleiðin er heppilegri fyrir iðkendur knattspyrnu eða handknattleiks. Þó virðist við fyrstu sýn almenn skilgreining Vátryggingarfélags Íslandsá útvíkkuðu slyshugtaki með tilliti til slysa á útlimum veita víðtækari vernd.

7.1.1. Ákvörðun bóta samkvæmt slysatryggingu íþróttamanna

Örorka samkvæmt skilmálum hjá Vátryggingafélagi Íslands gerir ráð fyrir að tjón vegna íþróttaslyss verði að koma fram innan þriggja ára svo að það sé bótaskyldt. Um er að ræða svokallaða læknisfræðilega örorku sem má jafna til varanlegs miska. Í skilmálunum frá

⁶⁹ Vátryggingarfélag Íslands, „Slysatrygging íþróttamanna hópvátrygging, vátryggingarskilmálar nr. SS55“ <http://www.vis.is/library/Tryggingaskjol/Tryggingaskilmalar/Sjukra--og-slysatryggingar/SS55_slysatr.pdf> skoðað 16. apríl 2012.

⁷⁰ Vörður tryggingar hf., „Slysa- og ábyrgðartrygging íþróttamanna skilmáli P-1“ <<http://www.vordur.is/files/P-1%20Slysa%20og%20ab%20ithrottamanna.pdf>> skoðað 30. apríl 2012.

⁷¹ Sama heimild.

Vátryggingarfélagi Íslands er gert ráð fyrir að fyrrnefnd miskatafla Örorkunefndar sé notuð við matið. Þarna er ein veigamikil undantekning varðandi bótaskyldu, þ.e. að lýti eru ekki bætt með tryggingunni en samkvæmt miskatöflu Örorkunefndar er lýti eftir slys metið til miska. Þá er vægi miskastiga til bóta samkvæmt miskatöflunni misjafnt eftir því hversu mörg þau eru samkvæmt skilmálum tryggingarinnar. Sem dæmi má nefna við greiðslu bóta þá verkar hvert örorkustig tvöfalt frá bilinu 26-50%, hvert örorkustig frá 51-75% verkar þrefalt og hvert örorkustig frá 76-100% verkar fjórfalt.⁷² Miskastigin eru hins vegar metin til stiga samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og vega þar öll jafn mikið, við útreikning bóta þar sem þau eru miðuð við 100 miskastig en sé miskastigið lægra þá greiðist hlutfallslega samkvæmt því.⁷³

Til samanburðar hjá tryggingarfélaginu Verði eru útreikningur fjárbóta svipaðir þó þannig að við 75% örorku eða meira samkvæmt skilmálunum greiðast fullar örorkubætur sem gefnar eru í skilmálunum. Örorka er metin í hundraðshlutum samkvæmt töflu sem gefin er í skilmálunum en eigi hún ekki við er miðað við töflu Örorkunefndar.⁷⁴

Tryggingar hjá báðum þessum félögum gera ráð fyrir því að mat á skerðingu á líkamlegri færni sé gert án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu. Þetta þýðir að umræddar bætur má frekar líkja við miskamat en almennt örorkumat samkvæmt skaðabótalögum.

7.2. Skyldur íþróttafélaga

Íþróttafélög í knattspyrnu og handknattleik með leikmenn í efstu deildum hafa almennar skyldur gagnvart sínum félagsmönnum til að tryggja stöðu þeirra þegar kemur að slysum og tjóni sem á einhvern hátt tengist íþróttinni. Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) hefur gefið út nokkurs konar rammisamning sem felur í sér almenn ákvæði er lúta að skyldum félaga er falla undir sambandið. Í samningi þessum kemur fram í c-lið:

„Félagið skal vísa leikmanni, sem verður fyrir meiðslum við æfingar eða keppni á þess vegum eða KSÍ, til hæfs læknis eða sjúkraþjálfara. Félagið skal greiða þann kostnað, sem leikmaður þyrfti að bera vegna meðferðarinnar og ekki greiðist af

⁷² Vátryggingarfélag Íslands, „Slysatrygging íþróttamanna hópvátrygging, vátryggingarskilmálar nr. SS55“ <http://www.vis.is/library/Tryggingaskjol/Tryggingaskilmalar/Sjukra--og-slysatryggingar/SS55_slysatr.pdf> skoðað 16. apríl 2012.

⁷³ Skaðabótalög nr. 50/1993, 4. gr.

⁷⁴ Vörður tryggingar hf., „Slysa- og ábyrgðartrygging íþróttamanna skilmáli P-1“ <<http://www.vordur.is/files/P-1%20Slysa%20og%20ab%20ithrottamanna.pdf>> skoðað 30. apríl 2012.

*almannatryggingum eða tryggingafélögum, ef leikmaður fylgir leiðsögn félagsins um lækni og sjúkraþjálfara, enda sé slík meðferð bein afleiðing meiðsla við æfingar eða keppni á vegum félagsins eða KSÍ. Samningsfélag skal sjá til þess að á leikjum meistaraflokks sé til taks læknir, hjúkrunarfræðingur eða sjúkraþjálfari.*⁷⁵

Þarna er tryggt að leikmenn, sem verða fyrir slysi inn á vellinum, hvort sem er á æfingu eða í keppni, hafa möguleika til að leita til sjúkraþjálfara, hjúkrunarfræðings eða læknis sér að kostnaðarlausu. Með þessu móti tryggir sambandið möguleika íþróttamannsins til þess að takmarka tjón sitt sem allra mest og bæta leikmanni fjárhagslegan skaða, að minnsta kosti að nokkru. Hér er aftur á móti ekkert fjallað um hvernig slysatryggingu er háttað ef meiðslin ber að utan æfinga eða keppni. Í f-lið fyrrnefndrar greinar í stöðluðum KSÍ-samningi er að finna tryggingarákvæði sem hljómar svo:

*„Félagið skal ganga frá tryggingu fyrir leikmanninn, sem nær yfir slys og meiðsli við æfingar, keppni, ferðir og starf í tengslum við félagið og KSÍ, sem tryggir leikmanninum slysadagpeninga, örorkubætur og e.t.v. dánarbætur.“*⁷⁶

Þetta ákvæði er víðtækara en ákvæði c-liðar þar sem það tekur líka til ferða og starfa fyrir félagið og KSÍ. Hérna má þá ætla að ef slys verður til dæmis í æfingaferð eða í rútu á leið í útileik myndi það slys falla undir þetta tryggingarákvæði. Þó er sú takmörkun gerð í skilmálum eins tryggingarfélaganna að slysið tengist skipulögðum ferðum utan heimabæjar félagsins.⁷⁷

Þegar lítið er til skilgreiningu á slysi og meiðsla og fyrri umfjöllun í kafla 7.1. bendir það til þess að ofangreind ákvæði sé í grunninn ekki fullnægjandi þar sem skilgreining á slysi eða meiðslum er ekki gefin sem hluti af tryggingarákvæði KSÍ.

Til viðbótar við almennu ákvæðin getur hver og einn leikmaður gengið frá sértækum ákvæðum um tryggingarvernd í samningum sínum við íþróttafélög. Um inntak og eðli slíkra samninga er lítið vitað þar sem þeir eru öllu jöfnu trúnaðarmál leikmanns og félags.

⁷⁵ Knattspyrnusamband Íslands „Staðalsamningur“, <<http://www.ksi.is/mot/eydublod/>> skoðað 25. Febrúar 2012.

⁷⁶ Knattspyrnusamband Íslands „Staðalsamningur“, <<http://www.ksi.is/mot/eydublod/>> skoðað 25. Febrúar 2012.

⁷⁷ Vátryggingarfélag Íslands, „Slysatrygging íþróttamanna hópvátrygging, vátryggingarskilmálar nr. SS55“ <http://www.vis.is/library/Tryggingaskjol/Tryggingaskilmalar/Sjukra--og-slysatryggingar/SS55_slysatr.pdf> skoðað 16. apríl 2012.

Það verður þó að athugast að hér er einungis um að ræða staðlaðan samning frá KSÍ og af þeim sökum er ekki hægt að færa þetta yfir á aðrar íþróttir.

Til samanburðar við KSÍ-samninginn má skoða staðlaðan samning frá Handknattleikssambandi Íslands (HSÍ). Þar segir um skyldur félags í lið 2.3. að félagið skuli leitast við að hafa til taks í leikjum meistaraflokka félagsins lækni eða sérhæfðan starfsmann er sinnt getur meiðslum leikmanna. Félagið skal síðan vísa leikmanni, er verður fyrir meiðslum við æfingar, keppni eða á vegum HSÍ, til hæfs læknis eða sjúkráþjálfara.⁷⁸ Hérna sést að það er munur á milli KSÍ og HSÍ, sem felst í því, a.m.k. samkvæmt orðanna hljóðan, að meira öryggi er fyrir leikmenn í knattspyrnu þar sem það er skylt að vera með til dæmis sjúkráþjálfara í keppnisleik og einnig er óljóst hvort leikmaður á samningi samkvæmt HSÍ-samningi fái sjúkráþjálfun eða læknaaðstoð sér að kostnaðarlausu þurfi hann á því að halda.

Varðandi tryggingar segir í lið 2.4. að félaginu beri að gera leikmanni ljóst að félagið standi ekki að öðrum tryggingum en þeim sem almannatryggingarkerfið bjóði upp á nema um annað sé sérstaklega samið.

Ef þessir tveir samningar eru bornir saman virðast samningar hjá HSÍ vera mun lakari fyrir leikmenn hvað varðar tryggingar og almennt öryggi en hjá KSÍ. Texti samninga frá KSÍ eru skýrar orðaðir og gefa minni möguleika á mismunandi túlkun. Með öðrum orðum eru samningar KSÍ betur til þess fallnir að tryggja möguleika tjónþola á að takmarka líkamstjón sitt og veita jafnframt skýrari vernd gegn beinu fjárhagslegu tjóni. Hvort þetta er reyndin er erfitt að fullyrða um þar sem þetta eru staðlaðir samningar og einstaklingsbundnir samningar liða og leikmanna geta tekið á þessum mun að fullu.

7.3. Slysathryggingar almannatrygginga

Slysathryggingar almannatrygginga komu fyrst með lögum um slysathryggingar nr. 44/1925. Þau lög byggðu á enn eldri lögum frá árinu 1903, um lífsábyrgð nr. 40/1903, váttryggingarsjóð nr. 53/1909 og síðar slysathryggingu sjómanna nr. 84/1917. Lög þessi voru þess eðlis að reynt var að koma til móts við þá hættu sem fólst í störfunum á þeim tíma, eins og til að mynda sjómennsku, og þótti þar af leiðandi rík ástæða til að dreifa þeirri ábyrgð. Árið 1925 voru þeir sem störfuðu á einstaka sviðum, t.d. verkamenn, skylt að tryggja sig á meðan öðrum var það

⁷⁸ Handknattleikssamband Íslands, „A-leikmannasamningur HSÍ“ <<http://hsi.is/Felog/Eydublod>> skoðað 6. mars 2012.

einungis heimilt. Þarna kom sú grundvallarbreyting að atvinnurekanda var gert skylt að greiða iðgjöldin af tryggingunum en fyrirkomulagið var ekki eins og áður hafði verið þar sem iðgjöldunum var skipt milli sjómanna og atvinnurekanda. Þetta þýddi að slysatryggingar jukust á þessu tíma. Með lögum nr. 26/1936 var komið á laggirnar almannatryggingakerfi.⁷⁹

Ákvæði IV. kafla laga nr. 100/2007 um almannatryggingar⁸⁰ fjallar um slysatryggingar. Í 27. gr. er afmarkað hvenær viðkomandi er tryggður fyrir afleiðingum slyss. Í 29. og 30. gr. er gerð grein fyrir hverjir falla undir lögin og eru þar af leiðandi slysatryggðir. Það tekur sífeldum breytingum hverjir falla undir slysatrygginguna í lögnum og hefur það mikið breyst frá því að fyrstu lögin um slysatryggingar voru sett árið 1903. Undir 29. og 30. gr. laga um almannatryggingar (ATL) falla núna til dæmis í e-lið íþróttafólk. Í 27. gr. laganna er gerð grein fyrir því til hvers slysatryggingar taka en þar segir:⁸¹

„Slysatryggingar taka til slysa við vinnu, iðnnám, björgunarstörf, hvers konar íþróttæfingar, íþróttasýningar og íþróttakeppni, enda sé sá sem fyrir slysi verður tryggður samkvæmt ákvæðum 29. eða 30. gr. Með slysi er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans.“⁸²

Mikilvægt er þá að skoða hvað átt er við með hugtakinu slys, samanber seinni hluta ákvæðisins. Hér er áherslan á skyndilegan utanaðkomandi atburð eins og í váttryggingarrétti og skilur það þannig stóran flokk slysa á íþróttamönnum eftir ótryggðan. Þessi slys – eins og áður hefur fram komið – eru sérstaklega tekin til skoðunar í slysatryggingum íþróttamanna sem keyptar eru á frjálsum markaði, samanber fyrri umfjöllun.

Í fyrrgreindum e-lið 29. gr. ATL kemur fram að íþróttafólk fellur undir slysatryggingu almannatrygginga. Í henni kemur einnig fram að ákveða má nánar með reglugerðarákvæði gildissvið e-liðar. Það hefur verið gert með reglugerð um slysatryggingar íþróttafólks samkvæmt III. kafla laga nr. 117/1993 um almannatryggingar. Þar kemur fram að slysatrygging íþróttafólks tekur til slysa sem verða við íþróttaiðkanir þeirra sem eru orðnir 16

⁷⁹ Guðmundur Sigurðsson og Ragnhildur Helgadóttir, „Slysatryggingar Almannatrygginga: Opinber réttur, einkaréttarleg sjónarmið“ í Pétur Kr. Hafstein (ritstj.) *Guðrúnarbók afmælisrit til heiðurs Guðrúnu Erlendsdóttir* (Hið Íslenska bókmenntafélagi 2006) 201.

⁸⁰ Hér eftir skammstafað ATL.

⁸¹ Guðmundur Sigurðsson, „Íslenskur bótaréttur vegna vinnuslysa“ (2008)

<<http://www.ru.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=11007>> skoðaða 15. mars 2012.

⁸² Lög um almannatryggingar nr.100/2007.

ára og eldri og eru meðlimir í formbundnu félagi sem hefur það meginmarkmið að stunda íþróttaiðkun og eru aðilar að Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands eða Kraftlyftingarsambandi Íslands.

Íþróttaiðkun er skilgreind í reglugerðinni en þar er átt við sýningar eða keppni á vegum íþróttafélaga og skipulagðar íþróttæfingar sem haldnar eru á vegum þessara aðila undir stjórn þjálfara með það markmið að taka þátt í keppni eða sýningum.

Skýrt er tekið fram í 3. gr. reglugerðarinnar að slys, sem verða á ferðum til og frá æfingum, sýningum eða keppni falli ekki undir slysatryggingar. Þá er einnig tekið fram í sömu grein að það sama gildi um slys sem verða í búningsherbergjum og slys í t.d. keppnisferðum nema þá að þau verði við æfingar.⁸³

Bætur handa íþróttafólki frá slysatryggingum eru, samkvæmt 5. gr. reglugerðarinnar, sjúkrahjálpar, dagpeningar, örorkubætur og dánarbætur. Þá kemur fram að ef bótaskyld slys veldur því að tjónþoli verður óvinnufær í að minnsta kosti 10 daga skal greiða nauðsynlegan kostnað sem hlýst af því. Kostnaður sem bættur er: læknishjálpar, lyf og umbúðir, tannlækningar, sjúkraþjálfun, spelkur, gervilimir og bæklunarskófatnaður auk ferðakostnaðar og tengdur sjúkraflutningur, samkvæmt 27. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar og reglum nr. 765/2000 um endurgreiðslu slysatrygginga fyrir sjúkrahjálpar.⁸⁴ Valdi slysið óvinnufærni í skemmri tíma en 10 daga greiðist sá kostnaður ekki úr slysatryggingu íþróttafólks.⁸⁵ Varðandi slys á íþróttafólki geta orðasamböndin „skyndilegur utanaðkomandi atburður“ og „án hans vilja“ verið flókin. Nægir þar að nefna að einstaklingur, sem er að lyfta þungu, snýr sér snögg með þungann og fellur, verður fyrir slysi sem er ekki slys samkvæmt þessum orðum. Vegna þessa er mikilvægt að slysatrygging íþróttamanna (sjá 7.1.) veiti víðtækari tryggingarvernd gagnvart slysum sem algeng eru meðal íþróttamanna en falla ekki undir slyshugtak almannatrygginga.

Þegar þessir stöðluðu samningar Knattspyrnusambands Íslands og Handknattleikssamband Íslands eru skoðaðir þarf að athuga hvernig þessar slysatryggingar eru í raun. Hjá Knattspyrnusambandi Íslands er það skylda félags að tryggja leikmenn sína, en samkvæmt

⁸³ Reglugerð um slysatryggingar íþróttafólks samkvæmt III. kafla laga nr. 100/2007 um almannatryggingar nr. 245/2002.

⁸⁴ Sama heimild.

⁸⁵ Sama heimild.

orðalagi ákvæðisins má ætla að ekki hafi verið hugað að hugtakanotkun á orðinu slys sem og mismunandi túlkun á því milli tryggingarfélaga.

8. Niðurstöður

Í upphafi þessarar ritgerðar var varpað fram spurningum um hvort sérstök sjónarmið væru til skoðunar við mat á varanlegum miska annars vegar og hins vegar varanlegri örorku íþróttamanna. Þegar þessi álitafni eru skoðuð vekur það athygli hve lítið hefur verið fjallað um líkamstjón íþróttamanna út frá þessu sjónarhorni. Þetta virðist eiga við bæði hér og í Danmörku þar sem einnig var reynt að horfa til dómaframkvæmdar. Eftir sem áður verður þó að ætla að álitafnið sé til staðar enda er ljóst, þegar þessi málaflokkur er skoðaður eins og hér hefur verið reynt að gera, að staða íþróttamanna er með þeim hætti að önnur sjónarmið geta gilt um þá en aðra aðila. Við mat á varanlegum miska samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 getur matið verið tvíþætt, það er almennt og eftir atvikum sérstakt. Mikilvægt er að undirstrika að almenna matið gerir ráð fyrir að menn séu metnir á sama hátt óháð öðrum þáttum. Þannig breytir það engu hér að líkamlegt atgervi skiptir íþróttamanninn sérstaklega miklu máli borið saman við aðra því án slíks atgervis er honum ókleift að stunda þessa iðju sína. Þá er til þess að líta að íþróttin er iðulega stór eða umfangsmikill þáttur í daglegu lífi íþróttamannsins.

Til þessa þarf mögulega að horfa þegar um hálfatvinnumenn eða áhugamenn er að ræða og beita þá þeim ákvæðum er lúta að sérstökum miska. Rökin fyrir þessu yrðu þá að almenni miskinn væri íþróttamanninum sérstaklega þungbær í ljósi þess að hann gæti ekki stundað íþrótt sína. Varðandi atvinnuþróttamenn verður ekki séð að þetta sjónarmið geti átt við og bætur vegna líkamstjónsins eigi að öllu leyti að tilheyra bótum vegna varanlegrar örorku enda má líkja tjóni þeirra við tjón hvers annars handverksmanns.

Við mat á varanlegri örorku þarf að bera saman tvo ferla: framvindu tjónþola ef tjónið hefði ekki orðið og framvinda tjónþola að teknu tilliti til tjónsins. Þegar metin er varanleg örorka atvinnumanns í íþróttum þarf að taka til hve skammur atvinnumannaferill er í íþróttum. Þá verður að líta til þeirra gífurlega háu launa sem geta fylgt atvinnumennsku og þar af leiðandi mögulega mikils fjártjóns. Þessa þætti þarf að veita saman, þ.e. skamman feril og há laun þegar framtíðarframvinda er metin. Að teknu tilliti til tjóns má ætla að

framtíðaratvinnumöguleikar atvinnumanns í íþróttum geti verið fólgnir í þjálfun eða öðru starfi tengdri íþróttinni en þetta er þó vissulega ekki algilt. Ætla verður að við matið sé gert ráð fyrir að atvinnumaðurinn haldist sem atvinnuíþróttamaður í það minnsta jafn lengi og atvinnumannsamningur hans við íþróttafélag hljóðar upp á. Eftir það verður hann að öllum líkindum að sætta sig við þau lágmarkslaun sem skaðabótalögin gera ráð fyrir.

Hvað varðar hálfatvinnumennina verður að ætla að ekki sé nema í einstaka tilfellum tekið til þess að einstaklingurinn hafi verið hálfatvinnumaður í íþrótt þegar metin er varanleg örorka enda er í flestum tilvikum það fjárhagslega tjón, sem einstaklingur verður fyrir við það að missa úr íþróttinni, lítið, jafnvel í samanburði við lágmarkslaun. Kæmi það frekar til álita við mat á ófjárhagslega tjóninu, þ.e. miskanum, eins og fyrr hefur verið gerð grein fyrir. Þó þarf að hugsa til þess að við mat á fjárhagstjóni hálfatvinnumannsins þarf að horfa til þess að hann er iðulega í vinnu eða námi samhliða íþróttinni og þarf matið að taka til heildartjónsins. Þá þarf að hafa í huga að einstaklingur með farsælan hálfatvinnumannsferil á ef til vill möguleika til hlutastarfs í tengslum við íþróttina eftir að ferli lýkur.

Þó að skilgreining slyshugtaksins sé ekki grunnviðfangsefni þessarar ritgerðar hefur komið í ljós þegar horft er til heildartryggingarverndar vegna líkamstjóns íþróttamanna að skilgreiningin gegnir veigamiklu hlutverki. Skaðabótalögin gera ráð fyrir að það sé skilgreindur tjónvaldur en iðulega er það svo í íþróttum að slysið gerist í rás leiksins án þess að um tjónvald í skilningi skaðabótalaga sé til að dreifa. Til þess að varpa skýrara ljósi á heildarréttarstöðu íþróttamanna m.t.t. afleiðinga líkamstjóns voru ákvæði úr almannatryggingum og almennum slysatryggingum íþróttamanna skoðuð. Hér vekur athygli að reynt er að mæta slyshugtakinu samkvæmt almannatryggingum í almennum slysatryggingum íþróttafélaga, eins og rakið er í rammamningum frá Knattspyrnusambandi Íslands og Handknattleikssambandinu. Athygli vekur að þar er horft til læknisfræðilegrar örorku en ekki til varanlegrar örorku og ekki heldur til miska vegna lýta. Þetta felur í sér að einstaklingur, sem í leik verður fyrir líkamstjóni sem leiðir til lýtis, fær það tjón ekki bætt úr þeim tryggingum. Möguleiki hálfatvinnumannna og atvinnumannna til að semja sérstaklega um slíkt eða aðra þætti er þó opinn.

Í ljósi þess hve umræða um þetta efni héraendis er rýr þá var litið til danskrar réttarframkvæmdar. Við einfalda leit fundust ekki fræðirit eða upplýsingar um réttarframkvæmd sem lutu beint að efni ritgerðarinnar. Aftur móti var að finna skoðanir fræðimanna í Danmörku á því að íþróttahreyfingin væri almennt ekki nægilega upplýst hvað varðar almennan rétt íþróttamanna og einnig m.t.t. Evrópuákvæða og stæðu íþróttamenn því verr en aðrir aðilar samfélagsins. Má fallast á þessar skoðanir þeirra í ljósi mjög fárra dóma og fræðirita um efnið. Yfirfæra má þessar skoðanir yfir á íslenska íþróttahreyfingu og álykta að sennilega séu íþróttamenn ekki nógu vel vakandi yfir að tryggja vernd og stöðu sína verði þeir fyrir líkamstjóni.

Það verður þess vegna lærdómsríkt og mikilvægt að sjá hvernig dómstólar munu taka á þessum álitaefnum þegar þau koma inn á borð til þeirra.

En eins og áður hefur verið sagt hefur lítið sem ekkert verið fjallað um þetta álitaefni en það er ekki sönnun þess að það sé smávægilegt heldur frekar vísbending um að við í okkar samfélagi þurfum að vakna til vitundar um mikilvægi þess.

Heimildir

Alþingistíðindi

Alþt., 1992-93, A-deild, 3621.

Alþt., 1992-93, A-deild, 3643.

Alþt., 1992-93, A-deild, 3648.

Alþt., 1992-93, A-deild, 3646.

Bækur

Arnliótur Björnsson, *Skaðabótaréttur: kennslubók fyrir byrjendur* (2. útg., Bókaútgáfa Orators 1999).

Friis A, Behn O v/Kielberg M, *Arbejdsskadesikringsloven*, (4 udgave, Forlaget Thomson 2004).

Guðmundur Sigurðsson og Ragnhildur Helgadóttir, „Slysatryggingar Almannatrygginga: Opinber réttur, einkaréttarleg sjónarmið“ í Pétur Kr. Hafstein (ritstj.) *Guðrúnarbók afmælisrit til heiðurs Guðrúnu Erlendsdóttir* (Hið íslenska bókmenntafélag 2006).

Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan CODEX 2005).

Rit

Gestur Jónsson og Gunnlaugur Claessen, „Endurskoðun skaðabótalaga“ (1997) 47 Tímarit Lögfræðinga.

Guðmundur Sigurðsson, „Mat á varanlegum afleiðingum líkamstjóna“ (2006) 3 Tímarit Lögréttu.

Guðni Á. Haraldsson, „Miskabætur“ (1996) 2 Lögmannablaðið

Guðný Björnsdóttir, „Miskabætur fyrir líkamstjón“ (1982) 32 Tímarit Lögfræðinga.

Ólafur Jóhannesson, „Fjártjón og miski“ (1947) 1 Úlfljóttur.

Ragnar Jónsson, „Mat á miska skv. 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993“ (2007) ML-ritgerð.

Róbert Róbertsson, „Launahæstir í boltanum“, í Björgvin Guðmundsson (ritstj.) (2012),
Áramót Viðskiptablaðið.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, „Skaðabótalög“, (1998) 48 Tímarit Lögfræðinga.

Vef heimildir

Arbejdsskadestyrelsen „Méntabel“ <<http://ask.dk/da/Selvbetjening/Mentabel.aspx>>

Guðmundur Sigurðsson, „Íslenskur bótaréttur vegna vinnuslysa“, (2008)

<<http://www.ru.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=11007>>

Hagstofa Íslands, „Dreifing launa fullvinnandi launamanna á almennum markaði eftir starfsstétt 1998-2011“

<<http://hagstofa.is/?PageID=2594&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=VIN02011%26ti=Dreifing+launa+fullvinnandi+launamanna+%E1+almennum+marka%F0i+eftir+starfsst%E9tt+1998%2D2011+++++++%26path=../Database/vinumarkadur/fulllaun/%26lang=3%26units=%DE%FAsundir%20kr%F3na/pr%F3sentur>>

Handknattleikssamband Íslands, „A-leikmannasamningur HSI“

<<http://hsi.is/Felog/Eydublod>>

Jørgen Verner, „Erstatning og idræt – nogle erstatningsretlige betragtninger“ (2000)

Idrætsjuristen <http://www.idan.dk/upload/idr%C3%A6tsjuristen_2000.pdf>

Knattspyrnusamband Íslands, „Staðalsamningur“, <<http://www.ksi.is/mot/eydublod/>>

Landlæknisembættið, „Slysaskrá Íslands tölur 2010“

<<http://landlaeknir.is/Heilbrigdistolfraedi/Slysaskra>>

Martin Dahl Pedersen og Morten Rosenmejer, „Sportsfolks retssikkerhed“ (2007) 7 Juristen

<http://www.djoef.dk/Blade/Juristen/Juristen2007/~/_media/Documents/Djoef/J/Juristennr72007.ashx>

Skattelister, <<http://www.kjendis.no/skatt/sok/>>

Transfermarkt, „Premier League – England“ <http://www.transfermarkt.co.uk/en/premier-league/startseite/wettbewerb_GB1.html>

Vátryggingarfélag Íslands, „Slysatrygging íþróttamanna hópvátrygging, vátryggingarskilmálar nr. SS55“ <http://www.vis.is/library/Tryggingaskjol/Tryggingaskilmalar/Sjukra--og-slysatryggingar/SS55_slysatr.pdf>

Vörður tryggingar hf., „Slysa- og ábyrgðartrygging íþróttamanna skilmáli P-1“
<<http://www.vordur.is/files/P-1%20Slysa%20og%20ab%20ithrottamanna.pdf>>

Örorkunefnd, „Miskatafla“
<<http://www.innanrikisraduneyti.is/media/Utgafa/Ororkunefnd.pdf>>

„Frjáls för launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga“ 19. fyrirlestur, Ritstj. Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri, Fræðsluefni um EES-samninginn og framkvæmd hans
<<http://www.utanrikisraduneyti.is/samningar/ees/EESUndir/nr/1718>>

„Semi-professional“ Cambridge Dictionaries online
<<http://dictionary.cambridge.org/dictionary/british/semi-professional>>

„Semi-professional“ < <http://en.wikipedia.org/wiki/Semi-professional> >

„Sports salaries Premier League“ Professional sports
<http://en.wikipedia.org/wiki/Professional_sports>